



Ekki hefur dregið neitt úr eldvirkninni á Reykjanesi. Til að gæta öryggis hefur Visindaráð lagt til að gönguleiðin upp að gosstöðvunum verði færð í ljósi þess að fleiri gígar hafa verið að opnast. Þeir gætu myndast sunnan við stöðvarnar en frekar er þó búist við að jörðin opnist til norðurs, eftir kvikuganginum sem nær alla leið að fjallinu Keili. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Íslenska kindin vinsæl hjá bandarískum smábændum

Í Bandaríkjunum rækta fjölmargir smábændur íslenskt fé. Bændur í Minnesota ráku sig þó á það að ullarvinnslurnar vildu ekki lengur taka við afurðinni því ullin þótti of gróf. Ákváðu þau því að kaupa litla vinnsluvél, bæði til eigin nota og til þess að bjóða öðrum sem eiga íslenskt sauðfé að vinna ullina.

LANDBÚNAÐUR Hjónin Theresa og Jake Bentz í Minnesota eru nú að koma sér upp vinnsluvél fyrir ull af íslensku sauðkindinni. Þau eru með tvo hrúta, hátt í 40 kindur og rúmlega 30 lömb en þurfa að senda ullina yfir í næsta fylki þar sem engin ullarvinnsla í Minnesota vill taka við hinni tvískiptu íslensku ull.

„Það er töluvert af íslensku sauðfé hér í Bandaríkjunum. Þær voru fluttar inn á áttunda áratugnum frá Kanada og náðu miklum vinsældum hjá smábændum fyrir um sjö árum,“ segir Theresa sem rekur bú við bæinn Northfield, sunnan við Minneapolis, en er iðjuþjálfari að aðalstarfi. „Íslenskt sauðfé finnst í

Ullin er gróf, sterk, heldur á manni hlýju og endist lengi.

Thersa Bentz, bóndi



öllum fylkjum nema þeim syðstu því að loftslagið þar hentar því ekki.“

Theresa og Jake völdu íslenskt fé vegna eiginleika ullarinnar, gæða

kjötsins og erfðafræðilegrar aðlögunar að köldu loftslagi. Þau hafa engin önnur tengsl við Ísland og eru ekki afkomendur þeirra Íslendinga sem fluttu vestur um haf á 19. öld.

Stórræktendur í Bandaríkjunum nota yfirleitt kyn eins og hið franska Rambouillet eða Merino frá Marokkó. Íslenska kynið er talið eitt af þeim frumstæðari og ekki ræktað á stórum skala. „Ég spinn og þrjóna og hef mjög gaman af því að vinna með þræðina, þessa tvískiptingu í tog og þel. Ullin er gróf, sterk, heldur á manni hlýju og endist lengi,“ segir Theresa. „Svo bragðast kjötið svo vel.“

Hjónin ákváðu að koma sér upp

eigin ullarvinnsluvél þar sem allar vinnslurnar í Minnesota fóru að hafna frumstæðri ull og taka í staðinn við finni. Eins og af hinum suðuramerísku alpakkadýrum sem eru náskyld lamadýrum. Hafa þau því þurft að senda ullina austur til Wisconsin með auknum tilkostnaði og allt að árs bið.

„Ég fann litla vél hérna í Minnesota og sæki hana á laugardaginn. Í kjölfarið ætlum við að bjóða öðrum bændum upp á að vinna íslensku ullina sína hjá okkur,“ segir Theresa. „Ullarmarkaðurinn hér er litill en í faraldrinum hefur fólk í auknum mæli byrjað að spinna og þrjóna og huga betur að sjálfu sér.“ – kfg

Telur reglurnar orðnar skýrari

COVID-19 „Við fyrstu sýn virðist þetta rúmast innan heimildarinnar sem lögin veita og þær aðgerðir sem verið er að grípa til virðast nokkuð skynsamlegar,“ segir Helga Vala Helgadóttir, formaður velferðarnefndar Alþingis og þingmaður Samfylkingarinnar, spurð um nýja reglugerð heilbrigðisráðherra um sóttvarnir við komu til landsins.




Helga Vala Helgadóttir, formaður velferðarnefndar.

Reglugerðinni er ætlað að taka á sóttkví við komuna til landsins og með henni er fólk veitt heimild til að fara í sóttkví á heimili sínu gegn því að heimilið uppfylli tiltekin skilyrði. Þeir sem hafa ekki tök á því eða kjósa frekar að fara í sóttvarnahúsi eigi kost á að dvelja í sóttvarnahúsi sér að kostnaðarlausu.

Allir sem koma til landsins þurfa að fara í sýnatöku. – kpt / sjá síðu 4

Škoda Superb iV

Allt að **57 km** drægni á rafmagni 

Verð frá **5.490.000 kr.**



HEKLA · Sími 590 5000 · Laugavegur 170 · hekla.is/skodasalur



ŠKODA



Dropinn er dýrari á Suðurnesjum en í höfuðborginni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Kalla eftir lægra oliuverði á Suðurnesjum

NEYTENDAMÁL Sveitarstjórnir Reykjanesbæjar og Suðurnesjabæjar hafa tekið undir áskorun hóps áhugamanna til oliufélaganna um að lækka eldsneytisverð á Suðurnesjum. Tæplega 1.800 manns hafa skrifað nafn sitt á undirskriftalista þess efnis.

Víkurféttir greindu frá upphafi undirskriftasöfnunarinnar og kom þá fram hjá forsvarsmönnum hennar að margir Suðurnesjamenn keyrðu austur í Hafnarfjörð til þess að taka bensín því það borgaði sig. Krefjast þeir þess að verð sé samþæringlegt við það sem gerist á höfuðborgarsvæðinu, en verðmunurinn hleypur á tugum króna á lítra.

Bæjarráð Reykjanesbæjar bendir á að atvinnuástand sé nú með versta mótí og hvetur oliufélagin til að sýna samfélagslega ábyrgð. – khg

Snjómaðurinn öruggi



Þessi tignarlegi snjómaður nýtti tímann vel og virti fyrir sér útsýnið í Alfheimunum þegar ljósmyndari Fréttablaðsins átti leið hjá. Hann gætti þess að hafa öryggið á oddinum og var með andlitsgrímu enda ekki kominn með mótefni við kórónaveirunni. Snjómaðurinn vinalegi vakti skiljanlega athygli þeirra sem áttu leið hjá en óvist er hvort þessi ungi drengur reyni að endurskapa þetta listaverk á næstunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Þjófurinn er farinn úr landi og óvist um dvalarstaðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Túristi fékk skilorðsbundinn dóm

DÓMSMÁL Karlmaður var í Héraðsdómi Reykjaness fyrr í þessari viku dæmdur í 30 daga skilorðsbundnið fangelsi fyrir þjófnað en hann tók vörur úr verslunum í Flugstöð Leifs Eiríkssonar ófrjálsri hendi um miðjan janúarmánuð árið 2019.

Áætlað verðmæti þýfisins var um 245.623 krónur en hann fór víða um flugstöðina í leit sinni að fýsilegum vörum til þess að hnupla.

Þannig greiddi hann ekki fyrir átta Marlboro-sígarettukarton, tíu flöskur af ilmvatni, Hugo Boss peysu og Bose Quiet Comfort heyrnartól

sem fundust í poka hans eftir för hans um Leifsstöð.

Ákærði mætti ekki við þingfestingu málsins og hafði ekki boðað forföll en ákæra var birt í Lögbirtingablaðinu 8. febrúar síðastliðinn. Samkvæmt upplýsingum lögreglu er ákærði farinn af landi brott og óvist er um dvalarstað hans.

Þjófurinn er ekki á sakaskrá hér á landi, þar af leiðandi þótti rétt að fresta fullnustu refsingar og skal hún niður falla að liðnum tveimur árum frá því að dómurinn var kveðinn upp. – hó

Bíður spenntur eftir að komast í veiðitúr

Forstöðumaður Veiðisafnsins segir að lítið hafi breyst á safninu í faraldrinum. Flestir gestirnir séu íslenskir og því finni safnið ekki jafn mikið fyrir færri erlendum ferðamönnum og önnur ferðapjónustufyrirtæki í faraldrinum.

STOKKSEYRI Á Veiðisafninu á Stokkseyri má finna fjölbreytt úrval af uppstoppuðum dýrum, skotvopn og aðra veiðitengda muni. A meðal uppstoppaðra dýra eru til dæmis giraffi, sebrahestur og vörtusvín.

„Náttúrutengdir munir á safninu eru í dag yfir 300 og byssur í daglegri sýningu eru á milli fimmtíu og sextíu,“ segir Páll Reynisson, forstöðumaður safnsins, sem hefur jafnframt veitt um 96 prósent af öllum þeim dýrum sem sjá má í heilu lagi eða parta af á safninu.

Páll segir að starfsemi safnsins hafi haldið áfram að mestu óbreytt í kófinu. „Það er kannski ákveðin sérstaða við þetta safn að hér hefur í rauninni ekkert breyst,“ segir hann og bendir á að nánast allir gestir safnsins séu innlendir. „Það eru mjög fáir erlendir ferðamenn sem koma hingað og því litil breyting í trafikinni. Íslenska fjölskyldan er hins vegar að koma hingað aftur og aftur. Ef þú nærð háu endurkomuhlutfalli á safni á Íslandi, þá ertu að gera eitthvað rétt.“

Í mars var hin árlega byssusýning safnsins sem haldin hefur verið frá því að það var stofnað árið 2003. „Við þurfum að fresta henni í þrjú gang í fyrra en sluppum í ár,“ segir Páll. „Það gekk mjög vel og var ein best sótt sýning okkar frá upphafi.“

Páll er stoltur af sérstöðu safnsins þótt hann viðurkenni að veiðistimpillinn fæli eflaust einhverja frá.

„Ef við tækjum út alla veiðitengda muni og kölluðum þetta Náttúrugripasafn Stokkseyrar þá væri samsetningin allt önnur,“ segir hann. „Það er viðurkennt út um allan heim að fara á náttúrugripasöfn sem eru



Páll hefur veitt yfir 96 prósent af dýrunum á safninu. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNAR

Íslenska fjölskyldan er hins vegar að koma hingað aftur og aftur. Ef þú nærð háu endurkomuhlutfalli á safni á Íslandi, þá ertu að gera eitthvað rétt.

Páll Reynisson

taln mikil upplifun, sérstaklega fyrir börnin. En það er enginn sem spyr sig hvaðan dýrin komu, hver veiddi þau og með hverju. Það má aldrei minnst á það. Við erum ekk-

ert að fela það hvað Veiðisafnið er.“

Aðspurður um hvað taki við þegar ástandinu linnir segir Páll að rekstur safnsins muni halda áfram eins og venjulega en hann bíður spenntur eftir að komast aftur í veiðitúr til Afríku. „Við fórum síðast árið 2016,“ segir hann. „En eins og staðan er í dag geta gestir komið hér inn, séð dýrin og byssurnar sem þau eru veidd með og allar upplýsingar um hvernig þau voru veidd. Á meðan ég stend í lappirnar er svo hægt að koma og tala við karlinn á gólfinu. Það þekktist ekki hvar sem er. Sérstaðan er algjör.“

arnartomas@frettabladid.is



LYFSALINN

BÍLAAPÓTEK

VIÐ VESTURLANDSVEG

Renndu við og fáðu lyfin afgreidd beint í bílinn

www.lyfsalinn.is

96
%

Inniheldur 96% vatn

Hrein og hér um bil bein

Gúrkan er sívinsæl í salatið og
svalandi millimál, enda 96% vatn.
Hún er ræktuð árið um kring með
hreinu, íslensku vatni og því
alltaf fánleg fersk.



islenskt.is

ÞÚ VEIST
HVADAN ÞAÐ
KEMUR





Nýja hverfið í Húsafellsskógi í kynningarefni verkefnisins.

Fá ekki að hafa lögheimili í Húsafellsbyggð

SKIPULAGSMÁL Áform um heilsársbúsetu í nýju hverfi í Húsafellsskógi munu ekki ganga eftir þar sem skipulags- og byggingarnefnd Borgarbyggðar hafnar ósk landeigandans um að breyta skilgreiningum skipulags svo byggðin verði þéttbýli en ekki fristundabyggð.

Það er félagið Húsafell Hraunlóðir, sem er í eigu Bergþórs Kristleifssonar í Húsafelli, sem sótti um breytingu á landnotkun á lóð sem nefnd er Litli-Tunguskógur. „Óskað er eftir að svæðið sem lóðin tilheyrir verði skráð sem þéttbýli með blandaðri fristunda- og íbúðarbyggð með 75 fristunda- og íbúðarhúsalóðum auk þjónustulóðar og lóð undir dæluhús,“ segir í umfjöllun skipulags- og byggingarnefndar Borgarbyggðar.

» Áætlað er að fyrstu húsin í nýju Húsafellsbyggðinni verði afhent síðar á þessu ári.

Hugmyndin var meðal annars sú að það myndi auðvelda fjármögnun væntanlegra húskaupenda ef hverfið væri skráð sem íbúðabyggð svo hafa mætti þar lögheimili, að því er haft var eftir Unnari, syni Bergþórs, í kynningarefni á vísir.is 1. apríl síðastliðinn.

Skipulags- og byggingarnefndin undirstrikar í afgreiðslu sinni að skilgreind þéttbýli í Borgarbyggð samkvæmt aðalskipulagi séu Borgarnes, Reykholt, Kleppjárnsreykir, Hvanneyri og Bifrost. Þá séu Bæjar sveit, Varmaland, Melur og Galtarholt skilgreindar íbúðarbyggðir.

„Ekki er heimilt að vera með fasta búsetu í fristundabyggð,“ bendir nefndin á sem einnig segir að blönduð byggð samræmist ekki skilmálum um fristundabyggð.

Nánar á frettabladid.is. – gar

Fjölgað um tæplega sex þúsund frá árslokum 2019

SVEITARFÉLÖG Íbúum Reykjavíkurborgar fjölgaði um 528 á tímabilinu frá 1. desember árið 2020 til 1. apríl síðastliðins. Þá fjölgaði íbúum Akureyrarbæjar um 31 á sama tímabili. Þetta kemur fram á vef Þjóðskrár.

Þegar horft er til alls landsins hefur íbúum Árneshrepps fjölgað hlutfallslega mest síðastliðna fjóra mánuði, eða um 10 prósent, þrátt fyrir að íbúum þar hafi einungis fjölgað um fjóra.

Næst þar á eftir kemur Helgafellsveit með 7,7 prósent en þar hafa fimm einstaklingar bæst við í sveit-

10%

aukning hefur orðið á íbúafjölda Árneshrepps undanfarna mánuði.

arfélagið síðustu fjóra mánuðina.

Íbúum fækkaði svo hlutfallslega mest í Ásahreppi eða um 5,8 prósent og Skaftárhreppi um 4,9 prósent. Þá fækkaði íbúum í 35 sveitarfélögum af 69 á ofangreindu tímabili.

Íbúum hefur fækkað í þremur landshlutum. Þannig varð lítils háttar fækkun á Vesturlandi, Austurlandi og Norðurlandi vestra. Íbúum á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði um 0,5 prósent, eða um 1.118. Íbúum á Vestfjörðum fjölgaði einnig um 0,5 prósent, eða um 34.

Fjölmennustu sveitarfélögin eru Reykjavík með 133.709 íbúa, Kópavogur með 38.536, Hafnarfjörður 29.673, Reykjanesbær 19.762, Akureyri 19.248 og í Garðabæ eru íbúarnir 17.871.

Þar á eftir koma Mosfellsbær með 12.732 manns, Árborg 10.515,

Akranes 7.705, Skagafjörður 4.091, Fjarðabyggð 5.092, Múlaþing 5.000, Vestmannaeyjar 4.349, Ísafjörður 3.798, Borgarbyggð 3.746, Suðurnesjabær 3.630, Grindavík 3.542 og í Norðurþingi eru íbúar 3.020.

Fæstir búa aftur á móti í Fljótshreppi, eða 97, Svalbarðshreppi 94, Skagabyggð 90, Helgafellssveit 70, Skorradalshreppi 65, Tjörneshreppi 55 og Árneshreppi 44.

Íbúar landsins í upphafi aprilmánaðar voru 369.889 en íbúum hefur fjölgað um 5.761 frá 1. desember árið 2019 en þá bjuggu 364.128 hérlendis. – hó

Sömu reglur fyrir alla farþega

Heilbrigðisráðuneytið gaf út nýja reglugerð í gær þar sem settar eru skýrari reglur um sóttvarnir við landamærin. Formaður velferðarnefndar Alþingis segir mikilvægt að reglurnar séu skýrar í framkvæmd.

COVID-19 „Við fyrstu sýn virðist þetta rúmast innan heimildarinnar sem lögin veita og þær aðgerðir sem verið er að grípa til virðast nokkuð skynsamlegar. Það er skylda stjórnvalda að finna rétta leið og um leið að gera allt sem hægt er til að koma í veg fyrir að smit komist inn til landsins,“ segir Helga Vala Helgadóttir, formaður velferðarnefndar Alþingis og þingmaður Samfylkingarinnar, spurð út í nýja reglugerð heilbrigðisráðuneytisins um sóttvarnir við komu til landsins.

Reglugerðinni er ætlað að taka á sóttkvi við komuna til landsins og veitir fólki heimild til að fara í sóttkvi á heimili sínu gegn því að heimilið uppfylli tiltekin skilyrði. Þeir sem hafa ekki tök á því eða kjósa frekar að fara í sóttvarnahús eigi kost á að dvelja í sóttvarnahúsi sér að kostnaðarlausu.

Fyrri reglugerðin sem tók á þessu máli fellur þar með úr gildi og nær nýja reglugerðin til allra farþega sem koma til landsins, óháð því hvort þeir séu að koma af hættusvæði eða ekki. Einstaklingar sem framvísa bólusetningarvottorði þurfa ekki að sæta sóttkvi en þurfa að fara í sýnatöku og bíða eftir niðurstöðunni á dvalarstað. Í vikunni greindist maður með smit hér á landi sem hafði sýnt vottorð um bóluefni á landamærunum.

„Að mínu mati er það jákvæð breyting að sömu reglur séu í gildi fyrir alla farþega óháð því hvaðan þeir eru að koma. Þetta virðist mun skýrara sem er mikilvægt þegar íþyngjandi reglur eru settar. Um leið eru þau að setja strangari reglur um brot á sóttkviarreglum sem er jákvætt.“

Mikið gekk á í tengslum við fyrri



Þeir sem framvísa bólusetningarvottorði þurfa ekki að fara í sóttkvi en þurfa að fara í sýnatöku. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

» Að mínu mati er það jákvæð breyting að sömu reglur séu í gildi fyrir alla farþega óháð því hvaðan þeir eru að koma.

Helga Vala Helgadóttir, formaður velferðarnefndar



reglugerðina. Í henni voru þeir sem komu frá áhættusvæðum skikkaðir til að fara í sóttvarnahús. Dómstólar úrskurðuðu að reglugerðin stæðist ekki lög og var það staðfest í Landsrétti í vikunni. Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir skilaði því inn minnisblaði til Svandísar Svavarsdóttur heilbrigðisráðherra þar sem hann lagði fram tillögur að nýrri reglugerð. Ein af úrlausnunum sem Þórólfur lagði til var að auka eftirlitið með einstaklingum í heimasóttkvi og að veruleg hækking yrði á fésektum ef einstaklingar yrðu

staðnir að því að brjóta sóttvarnareglur.

„Ég hef enn þá áhyggjur af eftirlitinu. Það mætti bæta eftirlitið við komuna til landsins og um leið skráninguna og eftirfylgni með sóttkvi. Við viljum að fólk fari eftir settum reglum og erum með mannskap til að vinna tímabundið í þessu. Tjónið sem verður af því að skella alltaf í lás og vera með þetta síbreytilegt er umtalsvert meiri en að ráða tímabundið mannskap í að fylgjast með þessu í nokkra mánuði.“ kristinnpall@frettabladid.is

VEST

Vara mánaðarins

Verð frá:

483,800 kr



Modell 711

Hönnun Fredrik A. Kayser

Hægingastóll sem stendur tímans tönn. Hannaður árið 1960. Þessi dásamlegi stóll er margverðlaunaður fyrir klassíska hönnun sína og er þægilegur jafnt sem einstakur.

Hjelle

Meira girnilegt

NÝTT



We Rub You
BBQ og Hot Sauce

999 kr/stk



20%
afsláttur

Kjúklingalundir

2.079 kr/kg

Verð áður 2.599 kr/kg



Vegetarian Plus
Kung pao Chicken

1.199 kr/pk

Tilboð gilda út 11. apríl



25%
afsláttur

Heill kjúklingur

697 kr/kg

Verð áður 929 kr/kg



20%
afsláttur

Lambaprime

3.439 kr/kg

Verð áður 4.299 kr/kg



20%
afsláttur

Grillærissneiðar

1.759 kr/kg

Verð áður 2.199 kr/kg



Herr's ostapuffs

verð frá 599 kr/pk

Parf
aðeins
að hita



20%
afsláttur

Drumsticks, Piri piri BBQ,
Argentínu og buffaló

1.439 kr/kg

Verð áður 1.799 kr/kg

Nú í umhverfisvænni
umbúðum



Gómsæt brauðsalöt

599 kr/pk

HAGKAUP

Losa geislavirkt efni í sjóinn frá Fukushimaveri

JAPAN Stjórnvöld í Japan búa sig nú undir að hleypa geislavirku vatni frá kjarnorkuverinu í Fukushima út í sjóinn. Losun vatnsins, sem hefur verið geymt tímabundið í tönkum, hefur lengi verið áhyggjuefni eftir að kjarnorkuverið eyðilagðist í kjölfar náttúruhamfara árið 2011.

Umræður hafa staðið yfir lengi og hefur losun vatnsins í sjóinn meðal annars verið mótmælt af fiskimönnum. Yoshihide Suga, forsætisráðherra Japan, sagði á miðvikudag að ekki væri hægt að biða lengur og búist er við að formleg ákvörðun um losun vatnsins verði tekin á næstu dögum.

Fari ríkisstjórnin þá leið verður vatninu hleypt út hægt og bitandi á næstu áratugum. Þá verður það þynnt til að gæta ítrustu varúðar í samræmi við umhverfislög landsins. – atv



Dimitrí Kozak er hátt settur erindrekí í Kreml. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Rússar hóta að beita sér frekar í Donbass-héraði

RÚSSLAND Rússneski erindrekin Dimitrí Kozak lýsti því yfir á ráðstefnu í Moskvu í vikunni að Rússar yrðu að skerast í leikinn ef átökin í Donbass í austurhluta Úkraínu mögnuðust enn frekar. Rússneskir uppreisnarmenn tóku héraðið með valdi árið 2014 og vitað er að stjórnin í Kreml hvatti og studdi við uppreisnina. Vesturveldin hafa hins vegar fordæmt valdatökuna og beitt efnahagsþvingunum gegn Rússum.

Átök hafa aukist í héraðinu undanfarnar vikur og ásakanir um brot á vopnahléi fljúga á milli aðila. Kozak gekk svo langt að líkja ástandinu við fjöldamorðið á Bosniumönnum í bænum Srebrenica árið 1995. „Þá verðum við að koma þeim til varnar,“ sagði hann. Varaði hann Úkraínnum við að ef þeir héldu árásum sínum áfram væri það upphafið að endalokum landsins. – khg

Joe Biden hefur sókn sína gegn skotvopnaeign

BANDARÍKIN Forseti Bandaríkjanna, Joe Biden, tilkynnti í gær um fyrsta skref aðgerðaáætlunar til að herða skilyrði fyrir byssueign í landinu. Ákvörðunin er tekin í miðri bylgju skotárása á almannafæri í Bandaríkjunum. Þetta er í fyrsta sinn sem Biden gerir aðför að réttindum til byssueignar síðan hann tók við embætti.

„Að jafn margir látist af völdum byssuofbeldis á hverjum degi og raun ber vitni er til skammar fyrir þjóðina,“ sagði Biden meðal annars.

Með nýju áherslunum verður reynt að koma í veg fyrir að einstaklingar geti aflað sér efnis til að smíða sér skotvopn af netinu (e. ghost guns). Um leið verður lögreglumönnum og fjölskyldumeðlimum gert kleift að óska eftir því að skotvopn einstaklings verði fjarlægð af ötta við að þau verði nýtt til að valda öðrum skaða. – kpt

Opna í mótmælaskyni



Blaðamannafundur fyrir utan veitingastaðinn Agrodolce í Róm sem er einn af fjölda fyrirtækja í landinu sem hafa ákveðið að hefja hefðbundinn rekstur á ný í mótmælaskyni gegn aðgerðum stjórnvalda á Ítalíu. Hreyfingin kennir sig við myllumerkið #IoApro (isl. Ég opna) og mótmælir meðal annars áhrifum sóttvarnaaðgerða á veitingastaði sem hafa margir einungis sinnt heimsendingum í langan tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Ráðuneytið neitar að afhenda gögn um úrbætur og spilakort

Bæði Íslandsspil og Hapdrætti Háskóla Íslands hafa neitað að afhenda Samtökum áhugafólks um spila-fíkn gögn um úrbætur og spilakort sem send voru til dómsmálaráðuneytisins á tíu ára tímabili. Á þeim grundvelli afhendir ráðuneytið ekki heldur gögnin. Samtökin hyggjast kæra ákvörðun ráðuneytisins.

SAMFÉLAG Samtök áhugafólks um spila-fíkn (SÁS) hyggjast kæra ákvörðun dómsmálaráðuneytisins um að afhenda ekki gögn sem samtökin óskuðu eftir í erindi til ráðuneytisins þann 18. febrúar síðastliðinn. Þetta staðfestir Alma Hafsteinsdóttir, formaður SÁS, í samtali við Fréttablaðið.

Samtök áhugafólks um spila-fíkn hafa kallað eftir því að spilakössum á Íslandi verði lokað og hefur fjöldi fólks deilt sögum sínum um spila-fíkn og þá neyð sem hún skapar undanfarnar vikur á heimasíðu samtakanna. Íslandsspil og Hapdrætti Háskóla Íslands (HHÍ) hafa svarað því kalli með umræðu um spilakort sem virka þannig að spilarar spili með fyrirfram greiddum spilakortum. Þannig megi stjórna betur þeim fjárhæðum sem spilað er fyrir.

Í umræddu erindi óskar SÁS eftir afriti af öllum erindum sem borist hafa ráðuneytinu frá annars vegar Íslandsspilum og hins vegar HHÍ og snúa að úrbótum eða tillögum að spilakortum á árunum 2010 til 2020. Þá óska samtökin einnig eftir öðrum erindum sem ráðuneytinu hafa borist frá leyfishöfum er snúa að rekstri spilakassa, en Íslandsspil og HHÍ sjá um rekstur spilakassa hér á landi.

Í svari frá dómsmálaráðuneytinu sem dagsett er þann 22. mars síðastliðinn kemur fram að á umræddu tímabili hafi ráðuneytinu borist erindi bæði frá Hapdrætti Háskólans og Íslandsspilum. Þau varði öll „markaðsmál eða hugsanlegar laga-breytingar og tilraunir til úrbóta á rekstri fyrirtækjanna“.

Í svari ráðuneytisins kemur einnig fram að samkvæmt upplýs-



Harðar deilur hafa staðið yfir um spilasali milli Hapdrættis Háskólans og samtakanna SÁS. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

» Samtök áhugafólks um spila-fíkn óskuðu eftir afriti af erindum sem dómsmálaráðuneytinu hafa borist frá Íslandsspilum og Hapdrætti Háskólans er varða úrbætur og spilakort árin 2010 til 2020.

ingalögum skuli veita almenningi aðgang að fyrirbyggjandi gögnum en óheimilt sé að veita aðgang að gögnum um einka- eða fjárhagsmálefni einstaklinga „sem sanngjarnt er og edlilegt að leynt fari, nema sá samþykki sem eigi í hlut“. Sömu takmarkanir gildi um aðgang að gögnum er varða mikilvæga fjárhags- og viðskiptahagsmuni fyrirtækja.

Þá segir einnig að í þeim erindum sem bárust dómsmálaráðuneytinu frá Íslandsspilum og HHÍ á tímabilinu 2010 til 2020 komi fram upplýsingar um stöðu félaganna á hapdrættismarkaði, markaðshlutdeild og samkeppni og „varða


þær mikilvæga virka fjárhags- og viðskiptahagsmuni þessara aðila“. Ráðuneytið hafi því óskað eftir afstöðu HHÍ og Íslandsspila við beiðni SÁS, bæði aðilar hafi lagst gegn því að ráðuneytið yrði við beiðninni, því sé beiðni um gögnin hafnað af hálfu ráðuneytisins.

Í niðurlagi svars ráðuneytisins við beiðni SÁS er tekið fram að heimild sé til að kæra ákvörðunina um synjun um aðgang að gögnunum til úrskurðarnefndar um upplýsingamál innan þrjátíu daga frá því að tilkynnt er um ákvörðunina. Alma segir að von sé á kærnu frá SÁS fyrir 22. apríl.

birnadrofn@frettabladid.is

Appotek.is

*Í netapótekinu appotek.is getur þú pantað lyf, fæðubótarefni, vítamín, heilsuvörur og fleira
Frí heimsending á höfuðborgarsvæðinu og frí póstsending út á land**




Netapótekið er á vefslóðinni www.appotek.is
Hægt er að fara í netapótekið með tölvum og farsímum

Í Appótekinu (appotek.is) getur þú:

- Séð hvaða lyfseðla þú átt í gáttinni
- Látið taka til lyfin áður en þau eru sótt í apótekið
- Fengið lyfin send til þín hvert á land sem er

Í Appótekinu getur þú einnig:

- Séð og pantað lyf sem fást án lyfseðils
- Pantað fæðubótarefni, vítamín, heilsuvörur ofl.



Foreldrar barna 15 ára og yngri með sama lögheimili geta séð hvaða lyfseðla börnin eiga í gáttinni, látið taka til lyfin áður en þau eru sótt í apótekið eða fengið lyfin þeirra send heim

Appótekið (appotek.is) er netapótek Garðs Apóteks

*Sjá nánari skilmála á appotek.is



GARÐS APÓTEK · Sogavegi 108 · Sími 5680990 · Netfang: gardsapotek@gardsapotek.is
Vefsíða: gardsapotek.is · Netapótek: appotek.is · Opið kl. 9-18 virka daga, lokað um helgar

Út af sporinu



Hörður Áegisson

hordur@frettabladid.is

Sá fáheyrði atburður gerðist fyrr í vikunni að sóttvarnalæknir og heilbrigðisráðherra urðu uppvís að því að brjóta sóttvarnalög. Gerðust þau sek um ólögmeta frelsissviptingu, meðal annars á íslenskum ríkisborgurum og börnum, með því að skylda þau til dvalar í svonefndu sóttvarnahúsi. Varla eru til þeir lögspekingar sem ekki sáu það fyrir að slíkt fyrirkomulag væri skýrt brot á sóttvarnalögum, og raunar má telja líklegt að þarna hafi mannréttindaákvæði í stjórnarskrá sömuleiðis verið brotin. Því á ekki að taka af léttúð.

Sóttvarnalæknir og heilbrigðisráðherra létu sér þó ekki segjast, heldur settu og framfylgdu af hörku ólögmatrí reglugerð. Ákvörðun sóttvarnalæknis gekk „lengra en lögin heimila“, segir orðrétt í niðurstöðu dómsins. Þá minnir dómariinn einnig á kröfur um meðalhóf, sem margir hafa einmitt séð ástæðu til að ítreka vegna þeirra hörðu aðgerða sem gripið hefur verið til. Ráðherra og sóttvarnalæknir hafa tekið niðurstöðunni illa – hún er sögð óheppileg og geta sett sóttvarnar í uppnám. Formaður læknafélagsins gekk lengra og sagði úrskurðinn „aðför“ að sóttvarnaaðgerðum. Dómsstólar hafa staðið vörð um mannréttindi í þessu tilviki, en hvað gerist ef stjórnmalamenn og opinberir starfsmenn beina kröftum sínum að því að grafa undan dómsstólum með slíku framferði? Til að bæta gráu ofan á svart neita þau að afhenda upplýsingar sem geta varpað ljósi á þessa illskiljanlegu ákvörðun. Á hvaða vegferð eru stjórnvöld?

Enginn efast um mikilvægi sóttvarna, þótt eðlilega sé deilt um hversu langt eigi að ganga, en þær verða að standast lög. Heilbrigðisráðherra hefur ekki getað gefið neinar haldbærar skýringar á þeirri dræmu stöðu sem er uppi í bólusetningum, sem eru á hennar ábyrgð, og nú bætist við að hún gerist sek um brot á sóttvarnalögum. Ráðherrum, meðal annars í þeirri ríkisstjórn sem nú situr, hefur verið gert að taka pokann sinn fyrir minni sakir. Af því verður auðvitað aldrei og ekki er vitað til þess að nokkur ráðherra Sjálfstæðisflokksins hafi séð ástæðu til að tjá sig um þessi réttindabrot á íslenskum borgurum. Þeir hafa kosid að sitja þegjandi undir þessari niðurstöðu.

Nú hefur orðið sú stefnubreyting, tekin af sóttvarnalækni, að útrýma skuli veirunni í stað þess að fletja kúrfuna og lifa með einstaka smiti sem upp kemur. Þetta er gert á sama tíma og enginn er rúmliggjandi á sjúkrahúsi vegna kórónaveirunnar. Fyrir þeirri stefnu kunna að vera góð rök, en þau þurfa þá að koma mun betur og skýrar fram – sem og samfélagslegi kostnaðurinn af svo umfangsmiklum lokunum – en ráðherra ferðamála sagði það í lok síðasta mánaðar „útópiu“ að stefna að veirufriju landi. Á sama tíma og gengið er enn lengra í að herða sóttkvíarfjöturana er lítil umræða um það hvenær og hvernig við ætlum að feta okkur út úr þessari frelsissviptingu, koma lífinu í fyrra horf, heldur heyrast aðeins þær raddir sem magna upp óttann hjá almenningi og minna okkur sífellt á þær ógnir sem eiga flestar það sameiginlegt að koma frá útlöndum. Við erum á hættulegri braut.



Ráðherrar, meðal annars í þeirri ríkisstjórn sem nú situr, hefur verið gert að taka pokann sinn fyrir minni sakir.

Halldór



Frá degi til dags

Skammtafræði
Heilbrigðisráðherra hefur nú lagt fram gamalt frumvarp Pírata um aflagpavæðingu neysluskammta. Ólíkt því sem gerðist í fyrra virðast nú allir vera sammála um ágæti þess, enda kemur það úr rétttri átt. Tjahh, allir nema löggan sem segir alls óljóst hvað neysluskammtur er. Er það einn slagur af kókaíni eða tveir? Hversu mörg grömm af grasi? Hversu margar pillur af alsælu? Ráðuneytið mun leysa þessa þraut með reglugerð og kunnngjöra hvað sé réttur neysluskammtur. Væntanlega með formlegu prófanaferli. Það verður stuð í ráðuneytinu í vor.

Tilfinningafloð
Það má segja að flóðgáttir tilfinninganna hafi opnast eftir að Fréttablaðið greindi frá því að Íslendingar eigi erfitt með að setja saman IKEA-húsgögn, sem eru samt auðveldustu húsgögnin til að setja saman. Rifjuðu sumir upp þær stundir þegar þeir sátu með svitablettina í handarkrökunum bograndi yfir leiðbeiningum og skyldu ekki hvernig sjó skrúfur og fimm boltar gátu staðið út af við samsetningu nýju bókahillunnar, í angist yfir því hvort hún myndi standa af sér næsta skjálfta. Aðrir börðu sér á brjóst og sögðu ekkert mál að setja saman náttborð eða sófa, en bak við digurbarkann situr þó nagandi efinn.

kristinnhaukur@frettabladid.is

Mesta gæfan

Kolbeinn Öttarsson
Proppe
Þingmaður
Vinstri grænna

Guði, Óðni og öllum vættum sé lof fyrir að Katrín Jakobsdóttir er forsætisráðherra og Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra í faraldri sem lamar alla heimsbyggðina. Konur sem hika ekki við að setja sjálfar sig til hlíðar og hlusta á sérfræðinga, nokkuð sem ráðamenn annarra þjóða hafa ekki getað gert. Konur sem bagna ekki heldur halda skýrum haus og stefna áfram í rétta átt með hagsmunum þjóðarinnar í huga. Kippa sér ekki upp við þann vaðal sem oft einkennir umræðuna.

Það sama verður ekki sagt um alla stjórnmalamenn. Sumir virðast helst stefna að því að gera allt sitt til að Ísland missi niður þann góða árangur sem náðst hefur í sóttvörnum. Markmiðið virðist vera að við séum á pari við Evrópu varðandi fjölda smita, sem þýðir fjölgun hér. Það er sett í búning sífelldra efasemda um hömlur í sóttvarnaskyni, stórytra yfirlýsinga gegn ákvörðunum heilbrigðisráðherra. Látið er eins og hagsmunir samfélagsins séu ekki mestir í því að hafa sem fæst smit. Þeir teygja sig í allar áttir, vilja ýmist að við gerum eins og Nýja-Sjáland, hvar hömlur hafa einmitt verið meiri en hér, eða Svíþjóð og afléttum hömlunum.

Stjórnarandstaðan hefur svo sýnt sig hlaupa á eftir öllum gagnrýnisróddum og segja: Ég sagði það, ég sagði það! Við hefðum átt að ráða! Þegar nánar er að gáð kemur í ljós að þar er engin stefna, enginn valkostur við þær aðgerðir sem stjórnvöld hafa gripið til. Ábyrgðarleysið slíkt að oft og tíðum er ekki hikað við að nýta sér heimsfaraldur til að fá tímabundna athygli, aðeins athyglinnar vegna.

Ég þakka fyrir að hafa þessar öflugur forystukonur við stjórnvölinn í heimsfaraldrinum. Það er mesta gæfan. Engir aðrir stjórnmalamenn hefðu staðið sig álika vel.

Guði, Óðni og öllum vættum sé lof fyrir Þórolf Guðnason sóttvarnalækni og hans góðu ráð. Og þrjúkið allt. Við munum nefnilega komast út úr þessu saman.



Ég þakka fyrir að hafa þessar öflugur forystukonur við stjórnvölinn í heimsfaraldrinum. Það er mesta gæfan.

Mikið úrval af HVÍLDARSTÓLUM með og án rafmagns lyftibúnaði



Komið og skoðið úrvalið

NÝFORM

HÚSGAGNAVERSLUN

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is

Pólitískir eldar

Í DAG



Guðmundur Steingrímsson

Ég er ekki viss um að það sé hægt að halda því fram að á Íslandi logi miklir pólitískir eldar, ef nokkrir. Jarðeldar loga, en ekki pólitískar logar. Ekki fer mikið fyrir steyttum hnefum hugsjónanna eða innblásnum ræðuhöldum um grunngildi og stefnur. Þetta segi ég ekki til að býsnast. Ég andvarpa ekki, líkt og ég sakni þess að flokkar takist á og stjórnmalafólk efni til orðaskaks í sjónvarpsþöllum. Mér finnst skortur skaksins mun frekar vera áhugavert einkenni á samtímanum, lýsandi fyrir ástand sem hefur varað um nokkurt skeið, en gæti þó orðið viðsjárvert til lengdar. Í pólitíkinni, fyrir utan veiruvörnarmál, er varla neitt á dagskrá. Svo ég tali eins og jarðvísindamaður: Annað hvort er það tímabundið ástand, sem getur breyst mjög snögglega, eða ástand sem á eftir að standa yfir mjög lengi og lýsir varanlegri veruleika.

Nú er svo komið, að þó svo kosningar til Alþingis séu eftir hálfu ári, finnst mér ákaflega erfitt að spá fyrir um það hver helstu kosningamálin verða. Mér finnst það merkileg tilfinning. Nú er það ekki svo, að á Íslandi skorti úrlausnar- og álitæfni og að hér séu ekki vandamál. Þau eru fjölmörg og víða kreppir að. Flest þessara mála eru hins vegar búin að vera þrætufni svo lengi að ákaflega margir eru fyrir löngu búnir að missa þráðinn. Höfuðeinkenni á íslenskri pólitík er þóf. Mál eru þæfð, þangað til fáir nenna eða geta staðið í því að ræða þau mikið lengur. Á að breyta kvótakerfinu, auka fé til heilbrigðismála, umbylta landbúnaðarkerfinu, fá nýja stjórnarskrá, færa flugvöllinn, selja áfengi í matvöruverslunum, samþykkja nýja rammaáætlun, efla nýsköpun, sameina sveitarfélög, jafna atkvæðisrétt, taka upp nýjan gjaldmiðil, friða hálandið eða ganga í Evrópusambandið?

Það er ekki gott að segja. Manni virðist jú óhætt að treysta því að stór og smá mál af þessu tagi muni bera á góma í næstu kosningum — þó það nú væri — en á sama tíma virðist æði líklegt að um þau verði deilt með hálfum huga og án teljandi álags á hjarta- og æðakerfið. Tíminn fram að kosningum gæti orðið eftirminnilegur gósentími afdráttarleysis. Afsakið hlé er orðið að sigurstranglegru taktík í pólitík. Að æsa sig þykir almennt litlu skila. Um flest stór mál hefur verið rifist í eldhúspartíum í hálföld og lítið ber á niðurstöðum. Fingrabendingar og gifuryrði til einskis. Það er skiljanlegt að af fólki sé dregið. Ekki bætir úr skák, að nú í rúmt ár hefur verið um fátt annað talað en tiltekinn veirufaraldur og umræðan hefur hvern um minnisblöð sóttvarnalæknis, án þess að mikið annað hafi komist að. Ef allt færi á versta veg og andleysið yrði algjört myndu kosningarnar í haust snúast um svoleiðis minnisblað, sem væri spes. Vonandi verður vírusinn að baki. En þá blasir spurningin við: Hvað svo?

Án efa er til fólk sem upplifir tímana öðruvísi og sér loga í hugsjónaglæðum, en skoðum samt staðreyndirnar. Hálfu ári er í kosningar og þjóðin hefur gengið í gegnum, ásamt heimsbyggðinni

allri, einhverjar dýpstu efnahagsþrengingar og róttækustu inngríp í daglegt líf sem um getur. Ég hef ekki orðið var við neinn urmul af Zoom-fundum eða málþingum á vegum stjórnmalaflokka um það hvert stefna skuli, svona almennt, með íslenska þjóð í framhaldinu. Kannski er það skiljanlegt. Hefði einhver mætt?

Ég held ekki að pólitík sé dáin, en hún hefur breyst. Ákafinn er minni. Það getur verið ágætt, en

líka varhugavert. Andvaraleysi er ekki ákjósanlegt í lýðræðis-samfélagi, þótt sátt sé æskileg og friður. Á Alþingi, ásamt bollalegg-ingum um minnisblöð, er verið að spá í hvort óhætt sé að Evrópusambandið verði rætt aftur. Umræðan snýst mestmegnis um það hvort málið sé enn á dagskrá eða hvort það hafi verið tekið af dagskrá árið 2014. Umræðan um Evrópusambandið er því mestmegnis umræða um umræðu

um Evrópusambandið. Ég skil vel að fáir finni hitann brenna. Þetta er hins vegar miður, því hér er — ásamt öllum hinum óútkljáðu málunum — um mikilvægt hagsmunamál að ræða fyrir allan almenning, sem gott væri að skera úr um.

Kannski stendur það upp á okkur kjósendur að blása lífi í glæðurnar. Hlusta betur. Standa upp úr sófanum. Fussa yfir fréttum. Tala. Ég bið spenntur eftir

stefnu flokkanna í umhverfis- og loftslagsmálum. Róttækra breyt-inga er þörf til að laga þjóðfélagið að stærstu ógn sem steðjað hefur að mannkyninu. Ég ætla að lúslesa stefnurnar í þessum efnun, gott ef ekki prenta þær út og hafa á náttborðinu. Kannski jafnvel fira upp í einni góðri deilu í eldhúspartíi (eða á Zoom).

Lýðræðið er ekki bara kosningar á nokkurra ára fresti. Lýðræðið er lífsstíll.

NÝJUNG
72 KLST. RAKI

NIVEA

**VIRKJAÐU
INNRI GETU
HÚÐARINNAR**

**3X
MEIRA**

NIVEA HYDRA SKIN EFFECT
WAKE-UP GEL | DAY

NIVEA HYDRA SKIN EFFECT
REGENERATION GEL-CREAM | NIGHT

NIVEA HYDRA SKIN EFFECT inniheldur hreint hýalúron sem virkjar 3x meira af eigin hýalúroni húðarinnar. Gefur mikinn raka í 72 klst. og húðinni meiri fyllingu.

TÍMAMÓT

Merkisatburðir

1870 Deutsche Bank byrjar rekstur í Berlín.

1894 James Craig kaupir Geysi fyrir 3.000 krónur af bændum í Haukadal.

1911 Þingeyrarkirkja er vígð.



1967 Fyrsta Boeing 737-flugvélin flýgur jómfrúarflug sitt.

1976 Síðasta kvikmynd Alfred Hitchcock, Fjölskyldugáta, kemur út í Bandaríkjunum.

1981 Eldgos hefst í Heklu.

1984 Ronald Reagan kallar eftir alþjóðlegu banni við notkun efna- og vopna.

1991 Georgia lýsir yfir sjálfstæði frá Sovétríkjunum.

2002 Elísabet drottningarmóðir er borin til grafar frá Westminsterklaustri.

2011 Þjóðaratkvæðagreiðsla fer fram á Íslandi um Icesave-samkomulag ríkisstjórnarinnar við Breta og Hollendinga og er því hafnað með 59,7% atkvæða á móti 40,1% sem vildu samþykka það.



Silja Ástudóttir segir gott að vera í kyrrðinni á Ströndum, hér reyndar á Hornströndum. MYND/ADSEND

Nýr Strandavefur í loftið

Strandir.is er fréttá- og upplýsingavefur sem nýlega fór í loftið. Ritstýra er Silja Ástudóttir. Á næstunni bætist vefverslun við með hönnun og handverki af svæðinu.

Við reynum að koma víða við og hafa fólk með okkur, fá það til að senda inn greinar og ábendingar um ýmis málefni, ásamt myndum," segir Silja Ástudóttir, verkefna- og ritstýra, um fyrirkomulag hins nýja miðils strandir.is. Hún nefnir til dæmis að Heygarðshornið sé fyrir fréttir úr heimi bændanna á svæðinu og Bryggjupollinn með efni frá sjávarsíðunni, um aflabrógð og annað slíkt.

Lénið var til
Vefurinn er rekinn af fjölskyldufyrirtækinu Sýslinu verkstöð ehf. sem er miðstöð skapandi greina á Ströndum, að sögn Silju. Lengi vel var öflugur héradsfréttavefur á léninu strandir.is en starfsemi hans lagðist af fyrir nokkrum árum.

„Þessi vefur tengist þeim gamla ekki beint, að frátöldu léninu og hugmyndafræðinni: að deila fréttum og mannlífsmýndum af Ströndum," útskýrir hún og segir strandir.is leggja sig fram um að hafa eitthvað fyrir alla. Nú þegar eru komnar inn fréttir og myndir úr skólastarfi, upplýsingar um félagslíf, viðtöl, fréttir af fuglum, þar sem kemur fram



Það er fullt af frábæru, skapandi og sniðugu fólki hér að gera spennandi hluti – ég vil segja frá því.

ad bæði skógarþrósturinn og tjaldurinn séu komnir – fyrir utan upplýsingar um þjónustu á svæðinu, sögulegan fróðleik og fleira.

„Við erum í samtali við fólk í öllum sveitarfélögum á Ströndum, það net á vonandi bara eftir þéttast, því það er mikilvægt að sem flestir séu með okkur," segir Silja og á þar við íbúa Árneshrepps, Kaldrananeshrepps sem nær yfir Bjarnarfjörð og Drangnes – og Strandabyggðar, sem Hólmavík er hluti af.

„Við munum einblína á það sem er að gerast á þessu svæði, sérstaklega það góða og skemmtilega. Það er fullt af frábæru, skapandi og sniðugu fólki hér að gera spennandi hluti – ég vil segja frá því," segir hún. „Verkefnið er styrkt af Öndvegissjóði Brothættra byggða en bæði Strandabyggð og Árneshreppur

eru partur af því byggðapróunarverkefni."

Fór norður í öryggið

Silja flutti til Hólmavíkur fyrir ári en bjó áður í Reykjavík. Var þó tengd Ströndunum. „Ég flutti með fjölskyldu minni á Drangnes þegar ég var 11 ára og síðar á Hólmavík en hef að megninu til búið í Reykjavík frá því ég kláraði grunnskóla. Ég var í skiptinámi á Spáni þegar COVID-19 kom til sögunnar og ákvað að fara norður í öryggið í nokkrar vikur. Nokkrar vikur urðu að mánuðum og nú er komið ár – það er svo gott að vera í kyrrðinni á Ströndum."

Hún lítur björtum augum á það verkefni að halda þessum nýja vef lifandi og kveðst vona að íbúarnir verði duglegir að taka þátt þannig að síðan verði svolítið sjálfbær. Á næstu vikum bætist svo vefverslun við síðuna þar sem seld verður hönnun og handverk af Ströndum. „Það er verðmætt fyrir Strandafólk og einnig brottflutta að eignast þennan vettvang fyrir skoðana-skipti og til að fylgjast með því sem er að gerast á svæðinu. Myndir segja líka sögur," bendir hún á, „og það er erfitt að taka ljótar myndir á Ströndum."

gun@frettabladid.is

BETTA GERDIST: 9. APRÍL

Vikublaðið Íslendingur hóf göngu sína

Vikublaðið Íslendingur byrjaði að koma út á Akureyri, þennan mánaðardag árið 1915. Stofnandi þess var Sigurður Einarsson Hlíðar sem áður hafði gefið út Dagblaðið en fyrir því reyndist ekki grundvöllur. Sigurður studdi Sjálfstæðisflokkinn gamla og fékk samflokksmann sinn, Ingimar Eydal kennara, sem meðritstjóra hins nýja vikublaðs sem flutti fréttir af svæðinu.

Ingimar reyndist vinstrisinnaðri en Sigurður og Íslendingur þótti bera

þess merki til að byrja með þannig að hann varð að nokkru leyti málgagn fyrir framboð óháðra bændna 1916 sem var undanfari Framsóknarflokksins. Einnig skrifuðu forystumenn verkamanna í blaðið. Það fór því svo að ritstjórar Íslendinga fóru hvor í sína áttina í stjórn málum, Sigurður til hægri og Ingimar til vinstri og Íslendingur varð málgagn Sjálfstæðisflokksins á Norðurlandi.

Heimild: Nýjustu fréttir eftir Guðjón Friðriksson



Sigurður Einarsson Hlíðar.



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför okkar elskulegu

Guðmundu Mariu Guðmundsdóttur

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Líknardeildar Landspítalans og starfsfólk Heru. Einnig sérstakar þakkir til starfsfólks tolladeildar Eimskips fyrir einstakan hlýhug.

Melkorka Jenný, Elmar og fjölskyldur.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Jóhanna Svavarsdóttir

Lautasmára 5, Kópavogi,

lést á Landspítalanum laugardaginn 3. apríl.

Útför hennar fer fram frá Digraneskirkju, miðvikudaginn 14. apríl klukkan 13.

Vegna fjöldatakmarkana verða einungis fjölskylda og nánir vinir viðstaddir athöfnina.

Hildigunnur Geirsdóttir
Viðar Geirsson
Daniel Freyr Albertsson
Brynja Dis Albertsdóttir

Albert Guðbrandsson
Gerður Ísberg
Guðný Björg Stefánsdóttir

Elvar Leó og Remi Þór.



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför elskulegs föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

Kristins Á. Guðjónssonar

klæðskerameistara, áður til heimilis að Langagerði 28.

Útför hans fór fram 23. febrúar.

Ómar Kristinsson
Hörður Kristinsson
Pálmi Kristinsson
Svandís Kristinsdóttir

Kristín Geirsdóttir
Rut María Jóhannesdóttir
Salome Tynes
Sveinn Bragason
Reynir Holm

barnabörn og barnabarnabörn.

NTC.is

Yfir 100 vinsæl merki í fatnaði og skóm á einum stað

Frí heimsending á öllum pöntunum yfir 10.000kr
Njóttu þess að versla heima

FÖSTUDAGUR 9. apríl 2021



Von er á nýrri plötu frá Prince á árinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Ný plata frá Prince

Í júlí er von á nýrri plötu frá goðsagnakennda tónlistarmanninum Prince, sem lést árið 2016. Platan heitir *Welcome 2 America* og var tekin upp árið 2010.

Platan kemur út 30. júlí næstkomandi og inniheldur 12 lög sem voru tekin upp í Paisley Park hljóðverinu hans. Þetta er í fyrsta sinn sem þessar upptökur eru gefnar út, en talið er að hundruð eða þúsundir laga sem hann gaf aldrei út séu geymd í hljóðverinu. Samkvæmt fréttatilkynningu frá dánarbúi söngvarans fjalla löginn á plötunni um bandarískt samfélag á gagnrýninn hátt.

Prince sagði sjálfur um plötuna á sínum tíma að heimurinn væri fullur af fölskum upplýsingum, að framtíðarsýn Georges Orwell hefði þegar ræst og fólk þyrfti að sýna staðfestu á þeim erfiðu tímum sem væru fram undan. Löginn á plötunni bera nöfn sem vísa til þessarar gagnrýnu sýnar á bandarískt samfélag.

Hélt tónleikaferðalag

Á árunum 2010 til 2012 hélt Prince meira en 80 tónleika á tónleikaferðalagi sem hét það sama og platan en hann útskýrði aldrei hvers vegna hann gaf plötuna ekki út.

Prince lést skyndilega eftir of stóran skammt af verkjalyfjum árið 2016 og skildi ekki eftir neina erfðaskrá. Útgáfa nýju plötunnar var ekki möguleg fyrr en eftir að leyst hafði verið úr ýmsum lagaflækjum og skattamálum.

oddurfreyr@frettabladid.is



Doddi gefur út fyrstu og síðustu sólóplötuna sína eftir viku. Hann segist hafa verið búinn að gera tónlist sem hann var ekki hrifinn af í svo langan tíma að það hafi verið kominn tími til að gera eitthvað fyrir sig og hreinsa nafn sitt í leiðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hættur að gera bara leiðinlega tónlist

Útvarpsmaðurinn Doddi litli, eða Þórður Helgi Þórðarson, gefur út sína fyrstu og síðustu sólóplötu næsta föstudag. Doddi gerði plötuna fyrir sjálfan sig og á henni er tónlistin sem hann hefur gaman af, ólíkt plötunum sem hann hefur gefið út undir nafninu Love Guru. **2**

lifestream
POWERFUL NUTRITION FROM PLANTS
AUKAKÍLÓIN BURT
CERTIFIED ORGANIC
CC FLAX
Bone, skin and digestive health
FOR WOMEN CALSIUM CRANBERRY FLAVORED POWDER 200g NET
ORGANIC VEGAN
www.celsus.is



Oddur Freyr Þorsteinsson
oddufreyr@frettabladid.is

Þórður Helgi Þórðarson er kannski best þekktur sem útvarpsmaður-inn Doddi litli en hefur líka gefið út tónlist undir nafninu Love Guru. Næsta föstudag, þann 16. apríl, gefur hann svo út sína fyrstu og síðustu sólplötu undir eigin nafni. Platan heitir Last og inniheldur 12 lög sem eru undir sterkum áhrifum frá synthpoppi níunda áratugarins.

Doddi segir að það sé mikill munur á nálguninni að tónlist Love Guru og sólplöfnu í hans eigin nafni.

„Love Guru er anti-ego. Hann fæddist sem grín og er allt sem ég þoli ekki í fari karlmanns og ég fyllti plötuna sem kom út 2004 af tónlist sem ég þoldi ekki,“ segir hann. „Fyrsta lagið, Ástarblossi, var bara gott flipp-lag í útvarpsþættinum Ding Dong en það sló í gegn svo ég hélt áfram að gera tónlist sem mér fannst leiðinleg. Með tímanum hef ég svo reyndar smám saman sætt mig við tónlistina.“

Fyrir tveimur árum ætlaði ég að hætta með gúrúinn og gera eina lokaplötu og á seinni helmingi hennar leyfði ég mér að fara í mínar áttir með tónlistina,“ segir Doddi. „Þar gerði ég lag með Cell7 og Steina úr Quarashi við takt frá Helga úr Úlfi Úlfi, D&B-lag með Adda ofar og lag við takt frá Bigga Veiru úr GusGus. Ég fékk svo Unu Stef til að syngja með og til að toppa allt fékk ég rithöfundinn Eirík Guðmundsson til að flytja ljóð á íslensku í miðju lagi sem er á ensku.“

Útkoman varð lagið „Wastelands“, sem er eins ógúrúlegt lag og hægt var. En mér fannst þetta helvíti gott lag og fannst það eiginlega ekki passa Love Guru,“ segir Doddi. „Þannig að ég ákvað að gera lagið alveg upp á nýtt sem „Last Dance (Wastelands)“ og gefa það út undir eigin nafni.“



Platan fæddist eftir að Doddi gerði lag fyrir Love Guru sem honum fannst einum of gott til að vera bara grín. Hann ákvað að gera nýja útgáfu af því og í kjölfarið gerði hann fleiri lög og ábreiður sem saman mynda plötuna Last. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

En Love Guru er ekki alveg dauður úr öllum æðum. Í dag kemur út alveg ný útgáfa af laginu 1,2, Selfoss. Ég þurfti að gera það alveg upp á nýtt frá grunni og er frekar ánægður með það, þó þetta sé Love Guru lag. Það lendir á öllum streymisveitum í dag,“ segir Doddi.

Vill hreinsa nafn sitt

„Mig langaði bara að gera eitt lag en þegar ég heyrði útkomuna hugsaði ég „sjött, djöfull er þetta geggjáð, ég geri bara heila plötu af tónlist sem ég fila,“ segir Doddi og hlær. „Love Guru er svo gestur á einu lagi. Desire, en það er lóðrandi R'n'B diskólag sem er mjög langt frá mínum stíl og hálf sóðalegt, svo ég varð að skrifa þetta á hann.“

Ég var búinn að gera tónlist sem ég vildi ekkert endilega gera í svo langan tíma að ég vildi gera eitt-hvað fyrir mig og reyna aðeins að hreinsa nafn mitt í leiðinni,“ segir Doddi.

„En það er svo fátíðlegt að ég er alltaf að hugsa að þetta sé fyrir mig en svo grenja ég úti í horni því enginn vill spila eða hlusta á þetta og ég fæ svo fá læk,“ segir Doddi og hlær. „En í tónlist er það þannig að maður þarf annað hvort að gera það sama og allir aðrir, nema bara betur, eða gera þetta fyrir sjálfan sig. Í það minnsta ekki gera tónlist sem þótti töff fyrir 40 árum.“

Próduðent sem getur allt

Sjálfur samdi Doddi níu lög á plötunni, en á henni eru líka tvær ábreiður, ein af lagi með Depeche Mode og ein af lagi með Keflavíkursveitinni CTV.

„Svo lét Gunní Hilmarrson úr Sycamore Tree mig líka hafa eitt lag. Ég hefði alveg viljað fara þyngr og spila eiginlega ekki á hljóðfæri. En hluti af mér var alltaf að segja að það verði einhver að hlusta á þetta. Svo eru tvö lög sem eiga eiginlega ekki heima þarna, það eru lögín Desire og Electro Love, sem eru eiginlega bara grín og alltof mikið popp fyrir hinn alvarlega þenkjandi mann Dodda,“ segir Doddi kíminn.

Hann segir að vinnsla plötunnar hafi gengið vel en verið heldur óhefðbundin.

„Þetta var dælitíð öðruvísi því ég er ekki merkilegur tónlistarmaður og spila eiginlega ekki á hljóðfæri. En ég er prýðilegur plötusnúður og finni í að klippa niður tónlist. Þannig að þegar ég var að semja gat ég klippt niður hin og þessi lög og búið til grunnna og samið ofan á það og sent það áfram,“ segir Doddi. „Ég er búinn að vinna þetta mikið með stráki frá Marokkó sem kallar sig N3dek og er EDM-tónlistarmaður. Ég fann hann á Fiverr.com og fékk hann til að remixa eitt Love Guru lag og það var ofboðslega gott að vinna með honum. Þannig að ég



Doddi er búinn að gera tónlistarmyndbönd við öll lögín á plötunni og segir að myndböndin við Electro Love og Desire standi upp úr.

fékk hann til að vinna CTV-ábreiðuna, Casablanca. Þar var hann að fara í 80's hljómi sem hann þekkti ekkert en negldi samt alveg og það sama gerðist þegar ég fékk hann til að gera tripphopp-lag.

Þetta virkaði þannig að ég söng hugmyndirnar mínar inn á símann, hann gerði svo frumstæðan grunn og svo gaf ég nánari fyrirmæli og þá kom grunnur að lagi. Svo fór ég að kenna honum um þá átt sem ég vildi fara í með þetta og þurfti að kynna heilu tónlistarstefurnar fyrir honum til að hann áttaði sig á hvern fjandann ég væri að tala um, en hann var bara 22 ára þegar við byrjuðum,“ segir Doddi. „En þetta gekk, aðallega því þetta er gull af manni sem missir aldrei drifkraftinn. Smám saman kom þetta. Ég hélt stundum að hann ræði ekki við sum lög en hann kom mér alltaf á óvart. Hann er magnaður, getur allt og á framtíðina aldeilis fyrir sér.“

„Svo lét Gunní Hilmarrson úr Sycamore Tree mig líka hafa eitt lag. Ég hefði alveg viljað fara þyngr og spila eiginlega ekki á hljóðfæri. En hluti af mér var alltaf að segja að það verði einhver að hlusta á þetta. Svo eru tvö lög sem eiga eiginlega ekki heima þarna, það eru lögín Desire og Electro Love, sem eru eiginlega bara grín og alltof mikið popp fyrir hinn alvarlega þenkjandi mann Dodda,“ segir Doddi kíminn.

Hann segir að vinnsla plötunnar hafi gengið vel en verið heldur óhefðbundin. „Þetta var dælitíð öðruvísi því ég er ekki merkilegur tónlistarmaður og spila eiginlega ekki á hljóðfæri. En ég er prýðilegur plötusnúður og finni í að klippa niður tónlist. Þannig að þegar ég var að semja gat ég klippt niður hin og þessi lög og búið til grunnna og samið ofan á það og sent það áfram,“ segir Doddi. „Ég er búinn að vinna þetta mikið með stráki frá Marokkó sem kallar sig N3dek og er EDM-tónlistarmaður. Ég fann hann á Fiverr.com og fékk hann til að remixa eitt Love Guru lag og það var ofboðslega gott að vinna með honum. Þannig að ég

Gimson er með geggjáða texta og

frábært flæði og mig langaði rosalega að fá hann á plötuna. Hann er með í langpersónulegasta laginu sem ég hef gert á ævinni,“ segir Doddi. „Það er þínu fátíðlegt að fá hann með eitthvert rapp en mig langaði að prófa. Textinn hans smellpassar samt þar inn en gerir það almennara, sem er snilld.“

Svo langar mig að senda sérstakar þakkir til Jóns Þórs Helgasonar, sem tók upp allan söng og hjálpaði mér helling,“ segir Doddi. „Ég samdi þennan væmna og hugglega texta í laginu „Friends“ til hans, við lag sem við sömduð saman, hann vann með mér og við gáfum út sem Doddi & Weekendson.“



DODDI
LAST

Meira á leiðinni
Doddi er búinn að gera tónlistarmyndbönd við öll lögín.

„Þau eru ekki merkileg, þetta er allt tekið á símann minn. En það eru tvö sem eru nokkuð góð, myndbandið við Desire er frekar fyndið og þar fékk ég Jón Gnarr til að leika hljómsveitarstjórnann, Weekendson setti ég í leðurgalla, dóttur mína á hljómborðið og hinar guðdómlegu Camel toes í bakraddir,“ segir hann. „Electro Love myndbandið er líka skemmtilegt, það er ekta nýrómantík með fallegum búningum og ég er með blátt hár og Rakel og Aldis fara á kostum, stelpur sem ég þekkti ekki neitt. Það er hægt að sjá þau öll á YouTube-rásinni Doddi Dodds.“

Doddi segir að þó að þetta sé fyrsta og síðasta platan sé samt von á að minnsta kosti einu lagi í viðbót.

„Ég er búinn að semja eitt í viðbót sem ég er að vinna í. Svo hef ég líka alltaf verið sjúkur í remix og finnst gaman að heyra aðra fikta í mínu dóti, þannig að það eru góðar líkur á remix-plötu síðar og þá ætla ég að láta lagið sem ég er að vinna í fylgja með,“ segir Doddi að lokum.

Rafmagnstjakkar



Bjóðum hina vinsælu EP rafmagnstjaka með Li-ion rafhlöðum 1500kg og 1800kg.

Gæði á hagstæðu verði



G. SKAPTASON www.gson.is Sími: 481 1020 - 893 4334

Leyndarmál hvannarrótar

- Loft í maga? Glímir þú við meltingartruflanir?
- Næturbrólt Erú tíð þvaglát að trufla þig?

ICEHERBS
NATURAL SUPPLEMENTS

Fæst í næsta apóteki, heilsuvörverslun, Hagkaupum og Nettó.



Malbikun

FÖSTUDAGUR 9. apríl 2021

KYNNINGARBLAÐ

Kynningar: Malbikstöðin, Colas Ísland, B.S. Verktakar, Hreinsitækni, Héðinn



Vilhjálmur Þór Matthíasson, framkvæmdastjóri Malbikstöðvarinnar, við nýju stöðina í Reykjavík. Þar framleiðir fyrirtækið malbik samkvæmt ströngustu kröfum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Björt framtíð í framleiðslu malbiks

Malbikstöðin hefur opnað tæknilega fullkomna malbiksverksmiðju og stefnir á að vera leiðandi í umhverfisvænni framleiðslu malbiks á Íslandi, sem kemur fram í minni kolefnislosun með því að nýta metan við vinnsluna. **2**



Íris Vilhjálmisdóttir og Tinna Húnbjörg vinna að rannsóknum og þróun malbiks hjá Malbikstöðinni. Þær tryggja gæði og að malbikið uppfylli allar kröfur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Malbikstöðin ehf. er í eigu Fagverks verktaka ehf. en fyrirtækin vinna saman. Malbikstöðin sér um malbiksferlið á framleiðslustigi og Fagverk sérhæfir sig í jarðvinnu fyrir malbikunarframkvæmdir, malbikun og malbiksfræsun. Hjá fyrirtækjunum starfa sérfræðingar sem margir hverjir búa yfir áratuga reynslu og er allur tækjábúnaður sem notaður er fyrsta flokks.

Vilhjálmur Þór Matthíasson, framkvæmdastjóri Malbikstöðvarinnar, segir að ákveðið hafi verið að hefja framleiðslu malbiks til að gera fyrirtækið samkeppnishæfara.

„Við höfum verið í klemmu vegna samkeppni við Reykjavíkurborg, sem framleiðir og leggur malbik. Borgin hefur selt okkur malbik á sama tíma og hún hefur verið í samkeppni við okkur. Við reistum því malbikunarstöð, sem gerði okkur samkeppnishæfari á markaði og tryggði okkur fleiri verkefni en áður. Þetta hefur skilað miklum árangri, vegna þess að þrátt fyrir að COVID-19 hafi valdið frestun verkefna og uppskiptingu á mannskap fyrirtækisins var árið 2020 mesta framfaraár í sögu þess, sem styður við markmið fyrirtækisins um að stækka markaðshlutdeild sína,“ segir hann.

„Við teljum að Reykjavíkurborg ætti ekki að reka sams konar malbikunarfyrirtæki og okkar og keppa við okkur á markaði. Borgin er núna að fara að loka sinni malbiksverksmiðju uppi á Höfða vegna skipulagsmála og í staðinn tryggði hún sér lóð við hliðina á okkar malbikunarstöð. Þannig að Reykjavíkurborg ætla að reisa nýja malbiksverksmiðju fyrir marga milljarða. Þannig er verið að nota peninga Reykjavíkurborgar til að vera í samkeppni við okkur. Það er erfitt að skilja hvað býr að baki. Ég velti því fyrir mér hvernig eigi að fá fé Reykvíkinga til baka í svona harðri samkeppni.



Stöðvarstjórnarnir Sveinn Andri Sigurðsson og Þorsteinn Ingi Sigurðsson horfa jákvæðum augum á framtíðina í framleiðslu á hágæða malbiki.

Hvað er næsta skref eftir byggingu malbiksverksmiðjunnar? Á að selja hana? Eða halda áfram í samkeppni við einkaaðila, jafnvel næstu áratugi? Hver er tilgangurinn með þessu?”

Umhverfisvæn framleiðsla

Vilhjálmur Þór segir að Malbikstöðin stefni á að vera leiðandi í umhverfisvænni framleiðslu malbiks á Íslandi, sem meðal annars kemur fram í minni kolefnislosun með því að nýta metan við vinnslu malbiks. Til að framleiða malbik fer mikil orka sem keyrð er áfram með dísilolíu sem skipt verður út fyrir umhverfisvænt metan að hans sögn.

Hjá Malbikstöðinni er starfrækt gæðaeftirlit þar sem unnið er að því hörðum höndum að tryggja

gæði malbiksins. Sýni eru tekin bæði fyrir og eftir að malbikið hefur verið lagt.

„Gæði og öryggi á öllum sviðum er fyrirtækinu mjög mikilvægt og leggur fyrirtækið mikinn metnað í öruggt starfsumhverfi, starfsfólki og viðskiptavinum til heilla. Fyrirtækið rekur eigið verkstæði, sem tryggir að allur aðbúnaður og tæki séu eins og best verður á kosid,“ segir Vilhjálmur Þór.

„Við erum með mjög flotta rannsóknarstofu við malbikstöðina okkar hér á Esjumelum og þar starfa þær Tinna Húnbjörg og Íris Vilhjálmisdóttir. Saman vinna þær að rannsóknum og þróun malbiks hjá okkur og tryggja gæði og að malbikið uppfylli allar þær kröfur sem gerðar eru. Á rannsóknarstofunni eru malbikssýni úr

framleiðslunni rannsökuð þar sem verið er að fylgjast með holrým, bikmagni og kornakúrfu steinefna ásamt því sem Marshall-próf eru framkvæmd á malbikskjörnum. Þessar rannsóknir hafa mikinn ávinning fyrir okkur til að tryggja að öll framleiðslan á malbiki sé í góðu lagi og stuðla að góðu innra eftirliti hjá okkur hérna á Malbikstöðinni.“

Fagverk / Malbikstöðin var stofnað árið 2004 af Vilhjálm Þór Matthíassyni og er fyrirtækið því 17 ára gamalt. Höfuðstöðvar þess eru staðsettar í Mosfellsbæ og starfsmannafjöldinn hefur vaxið jafnt og þétt með stækkun fyrirtækisins. Í dag eru starfsmenn 45, en þeim fjölga yfir háannatíma malbikunar á sumrin. Fyrirtækið starfar á fyrirtækjamarkaði og

þjónustar meðal annars sveitarfélög og verktaka.

Mikil ánægja ríkir hjá starfsfólkinu með nýju Malbikstöðina.

„Þessi glæsilega stöð er hönnuð með norrænar aðstæður í huga sem skiptir miklu máli við framleiðslu malbiks því ekki getum við stólað á að veðrið sé alltaf fullkomið fyrir malbikun því þá yrði aldrei malbikað á Íslandi. Stöðin er sú fullkomnasta á landinu þegar kemur að endurvinnslu malbiks og er hönnuð með þeim möguleikum að geta aukið prósentuhlutfall endurvinnslu þegar kunninn óskar eftir sliku malbiki,“ segja stöðvarstjórnarnir Sveinn Andri Sigurðsson og Þorsteinn Ingi Sigurðsson en þeir horfa jákvæðum augum á framtíðina í framleiðslu á hágæða malbiki.



**Öll þjónusta frá framleiðslu malbiks til útlagnar.
Seljum einnig skrautmöl, steinefni, sand
og malbiksviðgerðarefni.**



Sævarhöfði 6-10, 110 Reykjavík

Kt. 581096-2919

Sími: 587-5848

Netfang: hofdi@malbik.is

Heimasíða: www.malbik.is



Colas malbikar um land allt

Malbikunarfyrirtækið Colas Ísland hf. fagnar sínu 35. starfsári um þessar mundir. Fyrirtækið byggir á traustum grunni hvort tveggja hjá níræðu móðurfyrirtækinu í Danmörku og hjá starfsfólkinu sem býr yfir yfirgripsmikilli reynslu og kunnáttu á sviði malbikunar á Íslandi.

Í upphafi þessa árs var skipt um nafn á fyrirtækinu og var Colas Ísland hf. tekið upp sem firmanafn. „Samhliða því verður hið alþjóðlega Colas-lógó einnig vörumerki okkar hér á Íslandi. Þegar Colas hóf starfsemi hér á landi árið 1987 var fyrirtækið í samstarfi við önnur félög sem keyptu á þeim tíma malbikunartæki og nafn fyrirtækisins Hlaðbær, sem þá hafði verið starfrækt frá árinu 1964. Nú kveðjum við gamla Hlaðbæjarnafnið sem hefur fylgt okkur öll þessi ár,“ segir Sigþór Sigurðsson, framkvæmdastjóri Colas Ísland hf.

Bikar á traustum grunni

Í ár er 35. starfsár Colas á Íslandi. „Þessi tímamót eru merkileg í sjálfu sér því það er alls ekki sjálfgefið að fyrirtæki vaxi og dafni svo lengi og þá allra síst í verktafabransanum hér á landi,“ segir Sigþór.

Colas er alþjóðlegt fyrirtæki sem var stofnað í Frakklandi árið 1929 og fagnaði því níutíu ára afmæli sínu nýlega. „Colas Danmark er móðurfélag okkar hérna á Íslandi og hefur einnig starfað í 90 ár því það var stofnað árið 1930. Í dag



Sigþór Sigurðsson segir að Colas á Íslandi sé fyrsti valkostur þegar verkkaupar og veghaldarar krefjast 100 prósent gæða og öryggis. MYND/ADSEND

Við fullyrðum það hiklaust að ekkert annað fyrirtæki hér á landi getur tryggt þau gæði sem við bjóðum upp á.

Sigþór Sigurðsson

eru Colas-fyrirtæki um allan heim og starfa í fimm heimsálfum og 50 löndum.“ Það er því óhætt að fullyrða að Colas Ísland hf. byggir á traustum grunni og alþjóðlegri þekkingu þegar kemur að malbikun.

Stærst um land allt

„Í dag er fyrirtækið stærsta malbikunarfyrirtæki landsins með starfsemi um allt land. Höfuðstöðvar okkar eru staðsettar í Hafnarfirði, en þar rekur við stærstu malbikunarstöð landsins að Gullhelli 1, bikbirgðastöð við Hafnarfjarðarhöfn, fullkomna rannsóknarstofu fyrir malbik og bindiefni, miðlægt vélaverkstæði að Álfröllu og aðal-skrifstofur okkar fluttu nýverið að Reykjavíkurvegi 74.

Enn fremur er rétt að nefna að fyrirtækið Norðurbik á Akureyri, sem Colas keypti árið 2019, rennur nú inn í samstæðuna. Malbikunarstöð félagsins í Ægisnesi og bik-tankur í Krossanesi á Akureyri eru einnig hluti af starfsemi okkar og þjónustu við landsbyggðina. Til að efla þá starfsemi enn frekar hefur

verið sett upp malbikunarstöð með fasta staðsetningu á Reyðarfirði og lítil færanleg verksmiðja getur farið hvert á land sem er þar sem verkefni kalla. Malbiksfræs-arar og önnur tæki sem tilheyrðu starfsemi Drafnarfells voru keypt árið 2020 og því getur Colas tekið að sér verkefni í fræsingum, malbikun og malbiksframleiðslu um allt land.“

Reynsla, þekking og ófrávikjanleg gæði

Colas tryggir sér bestu fánlegu hráefni með samstarfi við innlenda og erlenda birgja og gerir kröfur um að CE-merkingar og vottun fylgi öllu hráefni. „Gríðarleg reynsla starfsfólks okkar tryggir einnig besta malbik sem völ er á og við fullyrðum það hiklaust að ekkert annað fyrirtæki hér á landi getur tryggt þau gæði sem við bjóðum upp á. Við leggjum gríðarlega áherslu á vörubrún og rannsóknir og umhverfismál eru og verða mál málaanna næstu árin. Fyrirtækið hefur sett stefnuna á kolefnishlutleysi allrar starfsemi fyrir árið 2030 og hefur þróað snjallar lausnir í endurvinnslu og endurnýtingu. Colas Ísland hf. er og verður fyrsti valkostur þegar verkkaupar og veghaldarar krefjast 100 prósent gæða og öryggis,“ segir Sigþór.



Besta sólbrúncan fæst baðaður í olíu og asfalti

Þingmaðurinn Jón Þór Ólafsson heillaðist ungur af töfrum malbiksins og hefur unnið nær óslitið sem malbikari síðan hann var nítján ára; að minnsta kosti sumarlangt meðfram þingstörfunum. Hann getur vart bedið þess að taka til hendinni í malbiki þegar hann hættir á þingi í haust og segir koma sér vel að hafa horft á malbik í aldarfjórðung þegar kemur að öryggi á þjóðvegum landsins.

thordisg@frettabladid.is

„Ég byrjaði að vinna á malbikunarstöðinni Höfða árið 1988, þá nítján ára gamall, og þótt tímakaupið hafi verið lágt voru launin há vegna mikillar vinnu. Ég hef svo verið þar öll sumar síðan, fyrir utan í fyrra-sumar þegar atvinnuleysi var vegna COVID, og fer aftur um leið og ég hætti störfum á þingi í haust,“ segir Þingmaðurinn Jón Þór Ólafsson sem fyrst settist á Alþingi Íslendinga beint úr malbikinu á Höfða árið 2013.

„Það sem heillar mig sem starfsmann á plani er að hafa hugann frjálsan. Þess vegna kem ég alltaf aftur. Svo birtast töfrarnir við malbikunarstarfið á ólíklegustu stöðum, eins og í bláum reykt úr gömlum vörubíl sem hangir í kyrru morgunloftinu og lyktin af malbiki sem minnir mig á vorið.“

Malbikaði Bláfjallaveg

Jón Þór getur með sannni og stolti tengt verk sín víða um malbikadán farinn veg.

„Já, ég var einmitt að segja krökkunum mínum, á leið okkar í Bláfjöll, að ég hefði malbikað Bláfjallavegin fyrir 25 árum. Það er gaman að skilja eftir sig eitthvað sem gerir líf annarra ánægjulegra,“ segir Jón Þór kátur og fullur tilhlökkunar að malbika á ný.

„Það er mikill margbreytileiki á milli starfa í malbikun. Þar eru störf sem krefjast mikils skipulags og nákvæmni, sem og verkvits og



Jón Þór segir vel hægt að bjarga sér sjálfur með stöku malbiksholur.

hreysti, og svo eru sum eins og mitt starf á planinu svo tilbreytingarlaus að ég hef huga minn frjálsan til að gera skapandi hluti, eins og bókina „The Game of Politics“ og Þingspilið á síðasta ári,“ upplýsir Jón Þór.

Hann segir alþingismenn og malbikara vísast eiga sitthvað

sameiginlegt, en þó komi ekkert augljóst upp í hugann.

„Það er kostur hvað störfin eru ólík. Þingmenn geta svo auðveldlega orðið fastir inni í bergmálshelli og hætt að skilja líf fólksins sem þeir vinna fyrir, svo það hefur verið góð jarðtenging að komast í malbikið á sumrin.“



Jón Þór segir kost að störf alþingismanna og malbikara séu jafn ólík og þau eru. Því hafi það verið góð jarðtenging að geta unnið í malbiki á sumrin.

FRÉTTABLAÐIÐ/
VALLI



Jón Þór segir bestu sólbrúncuna fást í malbikun við sólarlandahita.

Stemningin við malbikun í heitri sumarsól sé svo engri lík. „Þar ríkir sannkolluð sólstrandarstemning. Lofthitinn frá malbikinu er alltaf yfir 20°C og engu líkara en að Ísland sé hluti af Kanaríeyjaklasanum. Þar fæst líka besta sólbrúncan, að sjálfsögðu, baðaður í olíu og asfalti,“ segir Jón Þór og skellir upp úr.

Eftirlitsskylda þingmannsins

Jón Þór sýndi á frægu myndbandi

hversu auðvelt er að lagfæra holur í malbiki upp á eigin spýtur, nokkuð sem sparar húseigendum margar krónur og fyrirbyggir frekari malbiksskemmdir.

„Það er klárlega alveg frábært sparnaðarráð og kostar lítið. Eins og sést í myndbandinu er slík viðgerð sú einfaldasta í heimi. Fólk rúllar einfaldlega í malbikunarstöðina og biður um poka af viðgerðarmalbiki, tekur svo heimilis-söpinn og hreinsar holuna, hendir malbikinu í og keyrir yfir það á heimilisbílnum þar til malbikið þjappast. Bara bimm, bara búinn!“ segir Jón Þór og hlær, en þó fullur alvöru því þetta er svo sannarlega hægt.

Það hefur snert hann sem alþingismann og malbikara að sjá hvernig slys og oöryggi hafa hlotist af óvönduðu malbiki eða bundnu slitlagi á þjóðvegum landsins í seinni tíð.

„Já, svo sannarlega, og rétt viðbrögð eru að yfirfara alla öryggisþætti. Sem þingmaður með eftirlitsskyldu með framkvæmda-valdinu fengum við samþykktu stjórnsýsluúttekt til að aðstoða Vegagerðina við að fara yfir sína ferla og sem starfsmaður á plani í malbikinu er mitt hlutverk að láta vita ef malbikið lítur óeðlilega út. Þá kemur sér vel að hafa horft á malbik í aldarfjórðung.“

Láttu fagmenn sjá um bílaplanið

Er malbikið farið að slitna? Viðhald malbiks er nauðsynlegt því malbiksskemmdir breiða fljótt úr sér og við það eykst viðgerðarkostnaður. Því er mikilvægt að gert sé við hið fyrsta. B.S. Verktakar og Hreinsitækni tryggja snyrtilega aðkomu að fyrirtækjum og fjölbýlishúsum.

„Göt og holur í malbiki geta og hafa valdið tjóni á bilum og jafnvel slysum á fólki. Þess vegna er mikilvægt að gera við skemmdir í malbiki áður en stærri holur myndast,“ segir Bjarni Hilmar Jónsson hjá B.S. Verktökum.

Bjarni segir mikil verðmæti í malbiki og bílastæðum við fyrirtæki og fjölbýlishús.

„Hreint og vel viðhaldið bílaplan og athafnasvæði ber fyrirtækjum og heimilum gott vitni. Með þrífum, reglulegu eftirliti og viðhaldi minnkar slit á malbiki. Hreinsitækni og B.S. Verktakar bjóða heildarlausn á þessu sviði. Markmiðið er að plan og bílastæði séu snyrtileg og um leið að tryggja lengri endingu. Við gerum við slit sem verður og málum og merkjum svæðið þegar þörf er á. Með því móti er líftími malbiks lengdur og líkur á verulegum kostnaði samfara stærri viðgerðum minnkar til muna,“ upplýsir Bjarni.

B.S. Verktakar hafa árum saman sérhæft sig í viðhaldi umhverfis fjölbýlishúsa, fyrirtækja og stofnana og hafa nú tekið í notkun búnað til viðgerða með geislahitun.

„Í sumum tilfellum er sú tækni jafnvel betri en sú hefðbundna sem einnig er í boði, en fulltrúi okkar ráðleggur verkkaupa um val á aðferð,“ útskýrir Bjarni. „B.S. Verktakar eru leiðandi verktakar og nota þar af leiðandi geislahitun við malbiksviðgerðir þar sem það á við. Malbiksviðgerðir með geislahitun eru samskeytalaus og náttúruvæn þar sem engu er hent og minna er notað af nýju efni.“

Snyrtilegt bílaplan allra hagr

Hreint bílaplan gerir þríf á sameign fjölbýlishúsa og fyrirtækja auðveldari. Minna berst inn í húsnæði af óhreinindum og öll umgengni verður þrífalegri og snyrtilegri.

„Við þvolum og þrífum bílaplön og athafnasvæði reglulega með vélsópum. Þá könnum við ástand niðurfalla og frárennslislagna,“ segir Svanur Lárusson hjá Hreinsitækni.

„Við bjóðum umhverfisvæn tæki og efni fyrir okkar viðskiptavinum. Tækjaflotinn sem annast þessa þjónustu er leiðandi á Íslandi þegar kemur að því að uppfylla ströngustu kröfur um mengunar- og öryggisviðmið sem sett eru. Tækin eru hljóðlát og mengun frá þeim er í algjöru lágmarki, og sápa og önnur hreinsiefni eru umhverfisvottuð og umhverfisvæn,“ upplýsir Svanur.

Tækjafloti Hreinsitækni er fjölbreyttur og getur tekist á við allar aðstæður.

„Vélsóparnir eru af ýmsum gerðum og stærðum fyrir ólík verkefni, hvort sem um er að ræða stór og mikil plön eða litlar, þröngar aðkomur. Markmiðið með okkar sameiginlegu lausn er að tryggja í senn snyrtilegt og huggulegt umhverfi, ásamt því að koma í veg fyrir ótímabært slit á malbiki,“ segir Svanur og bendir á það sanna og augljósa:

„Bílastæðið er það fyrsta og síðasta sem gestur eða viðskiptavinur sér af fyrirtæki þínu eða heimili. Taktu vel á móti honum og kveddu með virtum. Snyrtilegt bílaplan tryggir það.“

Fáðu ráðgjöf og tilboð hjá B.S. Verktökum, sími 551-4000, sjá nánar á verktak.is, og hjá Hreinsitækni, sími 567 7090, sjá nánar á hrt.is.



Hreinsitækni sér um að gera allt fínt og hreint á bílastæðum og hvers kyns lóðum, stórum sem smáum, en markmið fyrirtækjanna tveggja er að tryggja snyrtilegt umhverfi ásamt því að koma í veg fyrir ótímabært slit á malbiki. MYNDIR/ADSENDAR



B.S. Verktakar nota meðal annars búnað til samskeytalausra viðgerða með geislahitun.



B.S. Verktakar eru leiðandi á sínu sviði og hafa í áráraðir sérhæft sig í viðhaldi umhverfis fjölbýlishúsa, fyrirtækja og stofnana.



Fyrirtækin hreinsa, mála og malbika alls kyns bílaplön.



Bjarni Hilmar Jónsson hjá B.S. Verktökum segir verðmæti í malbiki.



Svanur Lárusson hjá Hreinsitækni segir þrýði að hreinum bílastæðum.



Vélsóparnir hjá Hreinsitækni eru hljóðlátir og uppfylla ströngustu öryggisviðmið. Þeir nota umhverfisvottaða og umhverfisvæna sápu og önnur hreinsiefni.



B.S. Verktakar er fyrirtæki sem hefur frá árinu 1988 eða í rúm 30 ár sérhæft sig í viðhaldi bílastæða:

- Malbiksviðgerðir
- Malbiksviðgerðir með geislahitun
- Bílastæðamálun
- Skilti

Hreinsitækni er leiðandi fyrirtæki í gatnaþrífum og sópun á göngustígum og hefur starfað óslitið frá árinu 1976.

- Vélsópar
- Bílastæðasópar
- Götu- og stæðapvottabílar
- Ruslasugur
- Hreinsun lagna og niðurfalla

Þjónustan

- Regluleg sópun og þvottur stæða
- Bílastæðalínur málaðar
- Gert við holur, sprungur og slitin svæði í malbiki
- Hreinsun lagna og niðurfalla
- Ruslasugur

Veldu trausta verkta með áratuga reynslu.

Umhverfisvænt 100 prósent endurunnið malbik

Að mati Bjarkar Úlfarsdóttur og Hörpu Þrastardóttur hjá Colas Ísland er endurvinnsla malbiks klárlega framtíðin, enda er ferlið sjálft umhverfisvænna en framleiðsla á nýju malbiki og sparar brennslu á takmörkuðum orkuauðlindum.

Colas Ísland hf. er stærsta malbikunarfyrirtæki á Íslandi með fimm malbikunarstöðvar um allt land. Fyrirtækið hefur sett sér það markmið að skara fram úr í umhverfismálum á Íslandi með orkuskiptum í malbiksframleiðslu og endurvinnslu malbiks.

„Hluti af þeirri umhverfisvegferð felst í því að fyrirtækið hefur fest kaup á framleiðslustöð sem getur blandað kalt malbik úr 100 prósent endurunnu malbiki,“ segir Harpa Þrastardóttir, umhverfis-, öryggis- og gæðastjóri hjá Colas Ísland.

Nothæft efni sem fellur til

Árlega eru götur fræstar eða rifnar upp vegna viðhalds og breytinga. Að sögn Bjarkar Úlfarsdóttur, rannsóknarstjóra Colas Ísland, fellur til við það mikið magn af malbiki sem vel er hægt að endurvinnna og nýta áfram í vegagerð.

„Colas tekur við þessu malbiki og vinnur það niður í malbikskurl sem er 0-11 mm að stærð. Hægt er að nýta það aftur í heitt malbik sem óbundið burðarlag eða sem kaldblandað malbik. Við framleiðslu á kaldblönduðu malbiki er malbikskurlinu blandað saman við bikþeytu, sem er bik blandað með vatni með sérstakri tækni, og er því umhverfisvænt efni. Þá er einnig hægt að blanda saman við kurlíð örtiltu sementi eftir atvikum eða öðrum íaukum til að styrkja blönduna enn frekar og auka nýtingarmöguleikana,“ segir Björk.

Sparnaður á takmörkuðum auðlindum

Að sögn Hörpu er gríðarlega mikil-



Hægt er að nýta kaldblandaða malbikið sem slitlag á göngustiga og umferðarminni götur, á bílastæði, sem undirlag undir slitsterkara malbik á umferðarpunga vegi og undir klæðningu á þjóðvegum með allt að 3.000 bíla umferð.



Björk Úlfarsdóttir er rannsóknarstjóri hjá Colas Ísland.

vægt fyrir samfélagið og umhverfið að taka upp notkun á malbiki úr 100% endurunnum efnum. „Aðalmálið er auðvitað sparnaður á takmörkuðum auðlindum eins og biki og steinefnum, íslenskum sem og erlendum. Þar



Harpa Þrastardóttir er umhverfis-, öryggis- og gæðastjóri hjá Colas.

að auki krefst framleiðslan ekki hitunar og krefst því ekki brennslu á orkugjafa svo sem oliu, vetni eða metani. Þessi sparnaður skilar sér beint til verkkaupa þar sem kaldblandað malbik er meira en helmingi ódýrara en hefðbundið

Þessi sparnaður skilar sér beint til verkkaupa þar sem kaldblandað malbik er meira en helmingi ódýrara en hefðbundið heitblandað malbik.

Harpa Þrastardóttir

heitblandað malbik,“ segir Harpa.

Hægt er að nýta kaldblandaða malbikið sem slitlag á göngustiga og umferðarminni götur, á bílastæði, sem undirlag undir slitsterkara malbik á umferðarpunga vegi, einnig sem undirlag undir klæðningu á þjóðvegum með allt að 3.000 bíla umferð. „Colas hefur nokkra reynslu af þessari vöru og byggir á þróun móðurfélags okkar Colas A/S sem er leiðandi malbiks-fyrirtæki á heimsvísu. Hér á landi hefur efnið verið framleitt af Colas frá árinu 2012,“ segir Björk.

Endurunnið malbik er framtíðin Mikil áhersla er lögð á gæði í allri starfsemi Colas. Fyrirtækið er ISO 9001 gæðavottað, ISO 14001 umhverfsvottað og ISO 45001 öryggisvottað. „Þá er malbikið og bikþeytan okkar CE-merkt. Mikið er lagt upp úr rannsóknum og gæðaeftirliti með allri okkar framleiðslu og hráefnum sem við kaupum,“ segir Björk.

„Til framtíðar stefnum við á að fara í orkuskipti á malbikunarstöðvunum okkar og framleiða umhverfisvænna heitt malbik. Þá er það einnig mikilvægt að endurvinnna allt það malbik sem til fellur, þar sem þetta er hágæða hráefni og sorglegt að hluti þess endi enn í dag í urðun.“ Það er von okkar að opinberir aðilar og einkaaðilar taki við sér og fari að kaupa vörur með endurunnu malbiki í enn meira mæli en gert er í dag,“ segir Harpa að lokum.



Martröð malbikarans

Ef það liggur beinn og breiður vegur á áfangastað er alla jafna lítið mál að komast á leiðarenda. En sumir vegir eru þannig að jafnvel þó að þeir greiði okkur leið skapa þeir um leið sínar eigin áskoranir, sérstaklega fyrir þá sem þurftu að leggja þessa blessuðu vegi.

oddurfreyr@frettabladid.is

Malbikaðir vegir gera okkur kleift að ferðast auðveldlega á staði sem annars væri erfitt að ná til, en í sumum tilvikum dugar góður vegur einfaldlega ekki til gera staði aðgengilega.

Hér eru nokkrir vegir sem er ekki auðvelt að fara og hafa örugglega gert alla sem sáu um vegagerðina gráherða.

Stelvio-skarð, Ítalíu

Þessi erfði vegur liggur í gegnum fjallaskarð í austurhluta Alpafjalla og fer upp í rúmlega 2.700 metra hæð yfir sjávarmáli.

Á honum eru hvorki fleiri né færri en 75 U-beygjur og fyrir víkið hefur þetta verið kallað besti vegur í heimi af ýmsum kappakstursáhugamönnum og spennufiklum. Við hin yrðum líklega flest bara sjóveik.

Le Gois, Frakklandi

Þessi vegur tengir litlu eyjuna Noirmoutier við Atlantshafsströnd Frakklands. Eyjan er sumardvalarstaður fyrir þá sem elska hafið, því það tekur reglulega yfir þriðjung eyjunnar.



Það er nóg að horfa á Nanpu-brú til að verða ringlaður. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Vegurinn er malbikaður og 4 km langur og liggur á sandrifi sem hverfur undir sjó á flóði tvisvar á dag.

Á hverju ári er haldið kapphlaup á veginum og þeir allra hörðustu fara af stað á háflóði og fara fram og til baka.

Guoliang-göng, Kína

Þessi mögnuðu höggnu göng í Taihangfjöllum voru gerð af aðeins 13 þorpabúum á fimm árum. Þar er ekki malbik, en því er ekki að neita að hér er um afar metnaðarfulla vegagerð að ræða.

Göngin eru um 1,2 km að lengd og á þeim eru 30 gluggar til að njóta náttúrunnar í kring. Göngin bjóða upp á umferð í báðar áttir, en eru mjög þröng og geta orðið afar sleip í vondu vedri.

Transfagarasan, Rúmeníu

Þessi gamli hervegur sem liggur í

gegnum Transylvaníu í Karpatafjöllum býður upp á 88 km af kröppum beygjum í bröttum fjallshlíðum.

Ef það er ekki nógu hrollvekjandi liggur leiðin líka framhjá Poenarivirki, kastala Vlads stjakssetjara, en hann er einnig þekktur sem Drakúla greifi.

Nanpu-brú, Kína

Nanpu-brúin er rúmlega 400 metrar á lengd og var hönnuð til að tengja eldri og nýrri hluta Sjanghæborgar saman.

Gatnamótin sem liggja við hana hljóta hins vegar að vera annað hvort martröð eða draumur malbikara, eftir því hvernig á það er litið. Þau hringsnúast um sjálf sig til að tengja brúna við jafnsléttu og minna helst á rússbana. Ókunn menn verða að fara tvo heila hringi áður en þeir komast að afleggjurunum.



Myndin sýnir Guoliang-göngin að utan og gluggana sem hafa verið hoggin í bergið. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Le Gois-vegurinn hverfur undir sjó tvisvar á dag. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Vegurinn gegnum Stelvio-skarð fer í yfir 2.700 metra hæð yfir sjávarmáli.



Það er ekkert grin að skjótast í heimsókn til Drakúla greifa.



Hér má sjá sexmenningana sem fóru til Úganda í febrúar. Á myndinni eru þeir Kristján Þór Björnsson, Ingvar Torfason, Stefán Már Guðmundsson, Halldór Þór Halldórson, Kristófer Valdi Snorrason og Valdimar Björnsson. Sannkallað reynsluteymi. MYNDIR/ADSENDAR



Hópurinn sá um að leiðbeina og hafa yfirsýn yfir verkefnið í Úganda. Að sögn var sérstakt að vera úti á meðan faraldurinn geisaði. Strangar sóttvarnaráðstafanir voru við lýði á svæðinu til að koma í veg fyrir smit.



Það er alltaf ákveðinn blæbrigðamunur á gerð malbiks á milli landa út af hitastigi, notað er stíflara bik í heitum löndum.



Hópurinn frá Íslandi er vanur að vinna með malbik í ýmsum stífleikastigum. Í Vaðlaheiðargöngunum þurfti til að mynda að nota sambærilegt malbik og það sem notað er á heitum svæðum eins og í Úganda.



Flugbrautin í Úganda nær því að vera alþjóðaflugvöllur. Brautin er 3,5 kílómetra löng og mun krefjast í heildina um 250.000 tonna af malbiki.

Alþjóðaflugvöllur í Úganda

Þann 16. mars lenti sex manna hópur á Keflavíkflugvelli á vegum Colas Ísland hf. eftir rúma mánaðardvöl í Úganda. Um er að ræða reynslumikið teymi frá Íslandi sem var fengið til að kenna og leiðbeina heima mönnum við malbikun á nýjum alþjóðaflugvelli sem er í byggingu á svæðinu.

Sexmenningarnir hafa séð um malbikun á flugvöllum, þjóðvegum og ýmsum stærri verkefnum víðs vegar, svo sem á Grænlandi, í Danmörku og auðvitað hér heima, meðal annars á Keflavíkflugvelli. En Afríka er kannski eitthvað annað og nýtt. „Við vorum fengnir út á vegum Colas í Bretlandi en um er að ræða verkefni sem felur í sér að malbika alþjóðaflugvöll í vestanverðu Úganda. Ástæðan fyrir nýja flugvöllinum er sú að það fannst olía nálægt Lake Albert í Vestur-Úganda og því þarf að byggja upp flugvöll til að styðja við olíuvinnsluna. Um er að ræða 3,5 km langa flugbraut og verður völluminn notaður til að styðja við framkvæmdir í kringum fram-tíðaroliuvinnslu í Úganda,“ segir Ingvar Torfason, verkefnastjóri gæðaeftirlits hjá Colas Ísland.

Úganda á COVID-tímum

Að sögn þótti þeim Ingvari og Stefáni Má Guðmundssyni, yfirverktjóra hjá Colas, afar sérstakt að ferðast um á COVID-tímum, hvað þá alla leið til Afríku. „Við þurftum að fljúga í gegnum Kaupmannahöfn og Dúbai til að komast til Úganda og máttum aldrei fara út af flugvöllum því þá hefðum við þurft að fara í sóttkví og aftur í COVID-próf. Þetta var því mjög sérstakt ferðalag og krafðist mikillar skipulagningar. Ekkert mátti fara úrskráð því þá hefðum við verið

fastir í sóttkví í öðru landi eða á flugvelli í Kaupmannahöfn eða Dúbai og ferðin þá hugsanlega farin í vaskinn.“

Að sögn Stefáns var vinnusvæðið afgirt og búið var að reisa vinnubúðir innan svæðisins sem allt starfsfólk gisti í, en á svæðinu voru 900 starfsmenn. Þetta var vegna almenns öryggis starfsmanna en einnig til að COVID næði ekki að breiðast út innan vinnusvæðisins og stöðva alla vinnu. Hitinn var mældur hjá öllum starfsmönnum daglega og var mjög vel haldið utan um allar COVID-varnir svo að það kæmi ekki upp smit innan vinnusvæðisins. „Það var rosalega sérstakt að vera í Afríku með heimsfaraldur í gangi og til dæmis var aðgangur inn á vinnusvæðið mjög takmarkaður. Allir sem komu inn á svæðið voru hitamældir nokkrum sinnum en svona er þetta á COVID-tímum og við vorum búnir að búa okkur undir að þetta yrði svona,“ segir Ingvar og bætir við: „Þetta var finn tími enda komum við í blálokni á þurrkatímabilinu og rigningátímabilið var rétt að byrja. Þarna var 30°C hiti og sól flest alla daga en rigningin var svo farin að minna á sig síðustu dagana. Þetta var finn tími til að fara; enn þá hávetur á Íslandi og ekkert malbikað á Íslandi á veturna.“

Vanir menn með reynslu og þekkingu

Í verkefnið vantaði vana menn sem höfðu þekkingu og getu til þess að sjá um verkefnið og Lars Jensen frá Colas í Bretlandi mælti með teyminu frá Íslandi. „Lars hafði áður starfað með okkur á Íslandi til dæmis sem verkefnastjóri við malbikun á Akureyrarflugvelli. Hann hafði einnig fengið okkur í þjóðvegamalbikun í Danmörku árið 2013, en þá fóru út tveir af þessu



Ingvar Torfason, verkefnastjóri gæðaeftirlits hjá Colas Ísland.



Stefán Már Guðmundsson, yfirverktjóri hjá Colas Ísland.

sex manna teymi. Allir unnum við saman að verkefnið í Keflavík, og sumir fóru í flugvallarverkefni á Grænlandi,“ segir Stefán.

Þessi sami hópur hefur unnið víða að verkefnum tengdum malbikun á vegum fyrirtækisins og sum þeirra ansi sérstök og krefjandi. „Sem dæmi tókum við að okkur flugvallarverkefni í Paamiut á Grænlandi árið 2010. Malbikið framleiddum við með pinulitilli malbikunarstöð sem hafði staðið lengi ónotuð á svæðinu. Hún var eiginlega ryðguð föst og var gerð upp fyrir verkið,“ bætir Stefán við.

Colas Ísland hf., sem þá hét Hlaðbær Colas, sá þá um malbikunina á flugbrautunum í Keflavík þegar þær voru endurnýjaðar árin 2016 og 2017. Það verkefni var mjög flókið og mjög strangar gæðakröfur. Verkefni var í heild um 110.000 tonn af malbiki en verkefnið í Úganda er í heildina um 250.000 tonn og því gríðarstórt. Reynslan af svona stórum og tæknilega erfiðum verkefnum sem og að starfa erlendis er því til staðar hjá Colas á Íslandi. „Við erum opnir fyrir öllu enda búnir að fara víða að malbika; auðvitað um allt Ísland og höfum til dæmis malbikað flest

jarðgöng landsins, þá höfum við farið til Danmerkur, Grænlands og nú síðast til Úganda,“ segir Stefán.

Stífar gæðakröfur

„Við áttum upphaflega að fara í desember þegar malbikunin sjálf byrjaði á flugvöllinum og svo í janúar, en ferðinni var þá enn frestað bæði út af COVID en einnig út af forsetakosningunum sem voru haldnar í Úganda í byrjun janúar. Við förum svo út í miðjum febrúar. Þá voru heimamenn byrjaðir og búið að malbika neðstu lögin á brautinni á hluta hennar en í heildina eiga að koma sex malbikslög á svona flugbraut. Þessar brautir eru hnausþykkar enda þurfa þær að bera þessar þyngstu þotur sem notaðar eru,“ segir Ingvar.

Hópurinn var úti í fjórar vikur samfleytt í Úganda og sá um kennslu, að leiðbeina og eftirlit með vinnunni, en stefnt er á að flugvöllurinn verði tekinn í notkun árið 2023. „Colas í Bretlandi er í samstarfi við SBI sem er ísraelskt fyrirtæki, um byggingu flugvallarins. Við vorum fengnir á staðinn til þess að leiðbeina og kenna heimamönnum réttu tókin og tryggja það að gæðin væru í lagi. En gæðakröfur á malbiki fyrir flugvelli eru mjög strangar. Bremsuskilyrði þurfa að vera góð og sömu-leiðis er mikilvægt að sléttleiki sé í lagi þegar kemur að flugtökum og landingum. Það er margt sem þarf að huga að þegar kemur að malbikun af þessari stræðargráðu svo allt gangi upp og gæðin séu í lagi,“ segir Ingvar.

Í svona stórum verkum er afar mikilvægt að fylgjast ítarlega með öllum þáttum, bæði er varða blöndun sem og útlagningu malbiksins til tryggja rétta útkomu. Þetta er löng keðja frá hráefnum,

framleiðslu og alla leið að malbiksfyrirborði og allir hlekkir keðjurnar þurfa að ganga upp svo loka niðurstaðan sé í lagi,“ bætir Ingvar við.

Munurinn á að malbika á Íslandi og í Úganda

Að sögn Ingvars er malbikun í grunninn eins þó auðvitað sé ákveðinn munur á að framleiða og leggja malbik á Íslandi og í Úganda. „Malbik er náttúrulega í grunninn bara steinefni og bik blandað saman við ákveðið hitastig. En það er að sjálfsögðu munur á að leggja malbik í heitu landi eins og Úganda og köldu landi eins og Íslandi. Hér á landi er kólnunin á malbikinu mjög hröð og veðurskilyrðin oft ekki hagstæð. Því þurfa menn að vera á tánum hvað varðar gæði og útlögn malbiks. Í heitu landi er aðeins meira svigrúm til að vinna malbikið og valta það en það er kannski það sem hefur gert okkur að góðum malbikum, hversu mikið þarf að vera á tánum og fylgjast með hér á landi.“

Það er alltaf ákveðinn blæbrigðamunur á gerð malbiks á milli landa út af hitastigi, notað er stíflara bik í heitum löndum. „Við vorum samt alls ekki óvanir því þar sem sambærilegt malbik var hannað og lagt í Vaðlaheiðarjarðgöngin árið 2018. Þau eru sem kunnugt er allt að 25 gráðu heit allt árið um kring því heitt vatn leikur um bergið. Því þurfti Colas að hanna sérstaklega hitaþolið malbik í það verkefni og alls ekki ósvipað því sem þarf að nota á flugbraut í Úganda,“ segja Ingvar og Stefán að lokum, klárir í næstu verkefni hjá Colas.



Rótgróið og reynslumikið fyrirtæki

Héðinn hf. er rótgróið þjónustu- og framleiðslufyrirtæki í málmíðnaði. Fyrirtækið er innflutningsaðili á Hardox slitstáli sem hefur margfalt meira slitþol en hefðbundið stál og nýtist vel í jarðvinnu þar sem slitálag er mikið.

Héðinn hf. sem staðsettur er að Gjáhellu í Hafnarfirði býr yfir umfangsmikilli reynslu á sínu sviði.

„Héðinn hf. á um 100 ára sögu af þjónustu við iðnað á Íslandi og má þar helst nefna þjónustu við sjávarútveg, stóriðju og orkuiðnað við hönnun, málmsmíðar og viðhald,“ segir Jón Trausti Guðmundsson, framleiðslustjóri Héðins.

Í hópi þeirra sterkustu

Héðinn hf. er innflutningsaðili á Hardox slitstáli og nýtur þeirrar sérstöðu að vera eina íslenska fyrirtækið í „Hardox Wearparts“ þjónustunetinu. Alls eru um 500 fyrirtæki í þjónustuneti Hardox Wearparts sem eiga það sameiginlegt að hafa gengið í gegnum strangt ferli hjá framleiðslufyrirtækinu.

„Þessa viðurkenningu veitir SSAB, framleiðandi Hardox, einungis þeim fyrirtækjum sem standast ítrustu kröfur um þekkingu, tækjakost, lager og vinnubrögð við vinnslu á Hardox slitstáli,“ segir Jón Trausti.

Slitstálið frá Hardox er hart í gegn, frá kjarna að yfirborði og er framleitt til þess að þola krefjandi aðstæður en slitþol Hardox er þrefalt meira en í venjulegu stáli. Þrátt fyrir þetta mikla slitþol heldur Hardox fullum burðarstyrk stálsins. Slitstálið frá Hardox fæst í Héðni í þykktum frá 1 mm upp í 50 mm.

Jarðvinna og malbikun

Jón Trausti segir viðtökurnar við Hardox hér á landi hafa verið frábærar en einstakir eiginleikar slitstálsins gerðu það fljótlega að verkum að fjöldi viðskiptavina úr jarðvinnugeiranum jókst umtalsvert.

„Þegar Héðinn hóf innflutning á Hardox slitstáli fór að bera meira á þjónustu við jarðverktaka og eru gröfu- og vörubílstjórar tíðir gestir hjá Héðni. Hardox stálið hentar einkar vel þar sem slitálag er mikið, til dæmis í skóflum, pöllum og ýmsum jarðvegstækjum. Héðinn hefur verið verktökum innan handar við efnissölu, smíði og viðgerðir á slíkum búnaði.“

Hardox er því gjarnan notað til þess verja mikið notaðan búnað

Það eru vaxandi kröfur um að flutningsaðilar séu með einangraða palla til að tryggja að malbikið haldi réttu hitastigi við flutning.

gegn frekari skemmdum. „Það er líka algengt að menn klæði slitna palla að innan með Hardox til að auka líftíma þeirra og framleiðni,“ greinir Jón Trausti frá.

Stór sem smá verkefni

Héðinn hf. býður enn fremur upp á fjölda annarra lausna. „Ásamt Hardox stálinu heldur Héðinn hf. lager af hefðbundnu plötustáli og ryðfriðu efni og er vel búinn tækjum til vinnslu, má þar nefna allar tegundir skurðarvéla, laserskurð, vatnsskurð, gas- og plasmaskurð ásamt fullkomnum tækjum til frekari vinnslu, eins og beygjuvélum og völsu.“

Þá hefur Héðinn einnig mikla reynslu af því að þjónusta aðila í malbiki við einangrun og klæðningu malbikspalla. „Það eru vaxandi kröfur um að flutningsaðilar séu með einangraða palla til að tryggja að malbikið haldi réttu hitastigi við flutning.“

Rík áhersla er lögð á að veita viðskiptavinum af öllum stærðum og gerðum framúrskarandi þjónustu. „Hjá Héðni er boðið upp á þjónustu frá A til Ö, tækni- og verkfræðingar eru til aðstoðar við hönnun og útfærslur, stálsmiðja, renniverkstæði og véladeild eru fullbúin nýjustu tækni málmíðnaðar og er Héðinn tilbúinn að leysa verkefni stór og smá eftir þörfum viðskiptavina.“

Nánari upplýsingar á: hedinn.is eða á Facebook undir: Héðinn hf.



Hardox eykur líftíma palla.



Gisli Páll Friðbertsson, verkstjóri plötudeildar, og Jón Trausti, framleiðslustjóri Héðins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Einangraður pallur skilar malbikinu heitu á áfangastað.



Héðinn er staðsettur að Gjáhellu í Hafnarfirði.



Héðinn býður upp á margs konar þjónustu.

HARDOX SLITSTÁL

-FYRIR ERFIÐAR AÐSTÆÐUR

≡ HÉÐINN ≡

HARDOX®
WEARPARTS



VIÐ OPNUM NÝJA



GALLERI 17 Í SMÁRALIND
Á 2.HÆÐ Í LOK APRÍL

RÝMINGARSALA

HEFST ÞVÍ Í GALLERI 17 Í
SMÁRALIND Í DAG kl. 14:00

ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR

gallerisautján

VÍS

TUBORG
LÉTTÖL



BYLGJAN
989



hlustendda verðlaunin 2021

XXX
Kottweiler
hundar

HERRA
HNETUSMJÖR

POWER
PALADIN

B
E
L
I
E
R

JÓN JÓNSSON
GORN

DABI
FREYR

BIRNIR

Páll Óskar

STÆRSTA TÓNLISTARPARTÝ ÁRSINS!

Í KVÖLD 18:55

Í OPINNI DAGSKRÁ

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Föstudagur



-2 | 1
°C | →



-2 | 8
°C | ↘



-2 | 6
°C | ↘



-1 | 11
°C | ↘



-2 | 8
°C | ↘



-10 | 7
°C | ↘

Breytileg átt 3-10 í dag en norðvestan 13-20 austast. Lítils háttar él um landið norðan- og vestanvert en annars léttskýjað. Frost 0 til 8 stig.

Laugardagur



1 | 1
°C | ←



0 | 5
°C | ↘



0 | 11
°C | ↗



2 | 6
°C | ↘



1 | 1
°C | ↗



-10 | 6
°C | ↑

Sunnudagur



2 | 6
°C | ←



3 | 4
°C | ↗



1 | 4
°C | ↘



2 | 5
°C | ↘



0 | 1
°C | ↗



-3 | 4
°C | ↑

LÉTT

3	9			2			
			7	5	6	9	
	5		8	4			7
	9	3	4		8		5
4	8	1			3		9
		7		6		3	4
		8	5				
	3		1		9		5
1				8			

MIDLUNGS

	1	9	2		5			
			9					4
2	5	7	3	4				
9				5	3			
	2	6						3
3						6		9
5	4		7		2			6
		1			7	4		
					8			

PUNG

					7	3		
7			6				9	4
		1		4				6
		4		2	5		8	
6						9	5	
		5	3		9			
				7				
		8				4		
5	6					2		1

Krossgáta

LÁRÉTT

- 1 stjarna
- 5 rétt
- 6 neytti
- 8 garmur
- 10 þegar
- 11 höld
- 12 yndi
- 13 bjartur
- 15 skilyrðislaus
- 17 strax

LÓDRÉTT

- 1 bruna
- 2 eirðarlaus
- 3 svipuð
- 4 nurlari
- 7 dyntur
- 9 fiskur
- 12 laut
- 14 kjafi
- 16 pila

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10				11	
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT: 1 sólin, 5 kví, 6 át, 8 ræksni, 10 er, 11 tiktura, 9 styra, 12 lægð, 14 kló, 16 ór.
LÓDRÉTT: 1 skensu, 2 óver, 3 lík, 4 nánós, 7 tók, 12 lykt, 13 skær, 15 algjör, 17 óðara.

Skák Gunnar Björnsson

Zsoka Gaal (2.169) átti leik gegn Teju Vidic (2.192) á First Saturday-móti í Ungverjalandi fyrr í mánuðinum.

36. Df5+!! gxf5 37. H1h6# 1-0.
Nóg er um að vera í net-skákinni þessa dagana. Í gær fór fram unglingskákamtót á netinu sem Lenka Ptácníková stendur fyrir þar sem íslensk ungmenni tefla við tékknesk. Í gær fór einnig fram hraðskák-mót yrðlinga.

Hvítur á leik




www.skak.is: Nýjustu skák-fréttir.

6	9	2	8	4	5	7	1	3
1	3	4	6	7	2	8	9	5
5	7	8	9	3	1	4	2	6
2	8	7	1	5	3	9	6	4
9	6	5	4	2	8	1	3	7
3	4	1	7	9	6	5	8	2
4	1	3	5	6	9	2	7	8
7	2	9	3	8	4	6	5	1
8	5	6	2	1	7	3	4	9
9	2	7	5	4	8	3	6	1
8	4	5	6	3	1	9	2	7
1	3	6	9	2	7	4	5	8
7	5	2	1	6	3	8	9	4
3	9	8	4	5	2	1	7	6
6	1	4	7	8	9	2	3	5
2	7	1	8	9	5	6	4	3
5	6	3	2	1	4	7	8	9
4	8	9	3	7	6	5	1	2
1	5	4	8	2	6	9	3	7
6	3	7	1	9	5	4	8	2
8	9	2	3	4	7	5	1	6
2	8	6	5	1	9	7	4	3
9	7	5	4	3	8	6	2	1
3	4	1	7	6	2	8	9	5
4	2	8	6	5	3	1	7	9
5	1	9	2	7	4	3	6	8
7	6	3	9	8	1	2	5	4

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.


Pondus



Geljan



Barnalán




Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

FINNDU RÉTTA STARFSKRAFTINN

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is



Ásgeir sýnir ofin textilverk.

Athugið, athugið

Á sýningunni Athugið, athugið í Norr11 á Hverfisgötu sýnir Ásgeir Skúlason ofin textilverk þar sem hann notar krullubönd sem eru notuð utan um gjafapakka. Hann notar þriggja ása aðferð svo úr verður ísometriskt munstur sem skapar þrívídd á tvívíðum fleti. Munstrið endurtekur sig út allan rammann og skapar sjónhverfingu. Hin verkin á sýningunni eru veggskúlptúrar gerðir úr teipi sem hann rúllar í óteljandi hringi.

Ásgeir lauk fornámi við Myndlistarskólann í Reykjavík áður en hann hóf nám í Listaháskóla Íslands og útskrifaðist þaðan 2013 með BA-gráðu í myndlist.

Sýningin stendur til 10. maí.



Verk á sýningu Helgu Páleyjar.

Helga Páley í Þulu

Einkasýning Helgu Páleyjar Friðþjófsdóttur, Húsvörður slær í gegn, verður opnuð í Þulu á morgun, laugardaginn 10. apríl, og stendur opnunin frá 14-18. Sýningin stendur yfir til 25. apríl og verður opið í galleríinu 14-18 alla dagana.

Helga Páley Friðþjófsdóttir hefur í verkum sínum notað teikningu, meðal annars til þess að kanna mörk miðilsins, bæði á striga og í skúlptúr. Hún hefur haldið einkasýningar og tekið þátt í fjölmörgum samsýningum, bæði hér á landi og erlendis. Hún hefur tekið þátt í ýmsum verkefnum, eins og Frystiklefanum Rifi og var stjórnandi listahátíðarinnar Ærings.

Helga lauk námi við myndlistardeild Listaháskóla Íslands árið 2011. Samhlíða myndlistinni hefur hún einnig unnið sem teiknari, bæði við myndskreytingar og hreyfimynda-gerð.



Ég vil vinna með efnið, segir Claudia Hausfeld sem sýnir verk sín í Hverfisgalleríi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ljósmyndir sem eru líka skúlptúrar

Claudia Hausfeld sýnir tólf ný verk í Hverfisgalleríi. Hún vinnur allar myndir sínar í myrakraherbergi. Ljósmyndir af illa förnum húsum eru áberandi á sýningunni.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



MIG LANGAR TIL AÐ FARA MEÐ LJÓSMYND-INA AFTUR INN Í RÝMIÐ.

Rumours of Being er fyrsta einkasýning Claudiu Hausfeld í Hverfisgalleríi. Þar sýnir hún tólf ný verk sem unnin eru í ýmsa miðla. Má þar nefna kolaprent, prent á hör og steinflisar og prentverk sem unnin eru í myrakraherbergi. Í verkunum gerir hún tilraunir með efni og yfirborð sem leiða til ljósmyndaverka sem oft eru í formi skúlptúra. Verkin eru ekki bara á veggjum gallerisins heldur má einnig sjá þau á gólfi.

Ljósmyndir af húsum sem eru nánast að hruni komin eru áberandi á sýningunni. „Þetta hófst með ljósmyndum sem ég tók í Finnlandi af húsum og í myrakraherberginu bætti ég ýmsu við þær. Myndir af finnsku húsunum eru hér á sýningunni og líka myndir af íslenskum húsum og

ein mynd er af húsi í Marokkó. Það skiptir þó ekki máli hvar þessi hús eru, áherslan er á hús sem erkitýpur.“

En af hverju hefur hún áhuga á að mynda hús sem eru áberandi illa farin? „Þetta eru svipmyndir af húsum sem eru ekki stöðug. Ég er líka að fjalla um hugmyndina um ljósmynd sem eitthvað sem við getum treyst á. Við getum ekki treyst á að húsin verði alltaf til og við getum heldur ekki treyst á ljósmyndina sem raunveruleika. Þetta er eins konar stef við hugmyndina um að engu er endalaust treystandi.“

Á sýningunni setur hún nokkrar myndir upp eins og skúlptúra. „Þetta eru ljósmyndir sem eru líka skúlptúrar. Mig langar alltaf til að taka myndir út úr því tvívíða og fara með þær inn í hið þrívíða. Ljós-

myndir fella rými saman en mig langar til að fara með ljósmyndina aftur inn í rýmið.“

Hún vinnur allar myndir sínar í myrakraherbergi. „Það er mjög skemmtilegt og er ferli sem er mikilvægt fyrir mig. Vinnslan snýst þá ekki bara um mynd og skjá og að þannig sé þetta svo komið. Ég vil vinna með efnið.“

Claudia Hausfeld fæddist í Austur-Berlín árið 1980 og stundaði nám í ljósmyndun í Listaháskólanum í Zürich og síðar myndlistarnám við Listaháskóla Íslands. Hún býr og starfar í Reykjavík og hefur verið við stjórn fjölmargra listviðburða á Íslandi, í Danmörku og í Sviss. Auk þess að sinna listsköpun sinni stýrir Hausfeld, auk annarra, ljósmynda-vinnustofu Listaháskólans.



Ódýrt fyrir alla

Sæktu um lykil á orkan.is

DAGSKRÁ

Föstudagur

NÝ SENDING
CLASSY & COOL

comma

SMÁRALIND COMMAICELAND

EMBRACE CHAOS

Ímyndaðu þér að vakna, tilbúinn í allt sem lífið hefur upp á að bjóða.

Hästens since 1852

BE AWAKE FOR THE FIRST TIME IN YOUR LIFE® | HASTENS.COM

Betra BAK

HÄSTENS VERSLUN
FAXAFENI 5, REYKJAVÍK
588 8477

NÝBAKAÐ
BRAUÐ
ALLA DAGA

- Austurströnd 14
- Hringbraut 35

BJÖRNSHAKARI
Sími: 561 1433

mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30
laugardaga 8.00 - 16.00
sunnudaga 9.00 - 16.00
www.bjornshakari.is

HRINGBRAUT

- 18.30 Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 Suðurnesja-magasin** **Vikurfrétt (e)** Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum.
- 19.30 Sir Arnar Gauti (e)** Lífsstílsþáttur með Arnari Gauta sem fjallar um heimili, hönnun, matar- og veitingahúsameningu, arkitektúr og margt fleira.
- 20.00 Lífið er lag (e)** Lífið er lag er þáttur um málefni fólks á besta aldri sem lifir áskoranir og tækifæri efri árána. Umsjón Sigurður K. Kolbeinsson.
- 20.30 Fréttavaktin á föstudögum** Viðtalsþáttur við tónlistargöðsögnina Þorvald Halldórsson á Spáni.
- 21.00 433.is (e)** 433.is er frétt- og viðtalsþáttur um íþróttirnar heima og erlendis.
- 21.30 Bilalíf (e)** Bilalíf er fjórlegur og fjölbreyttur þáttur um bílana okkar í leik og starfi.

RÚV SJÓNVARP

- 09.00 Heimavist - MenntaRÚV-** Stuttmyndagerð.
- 11.00 Heimalaikfimi**
- 11.10 Kastljós**
- 11.25 Menningin**
- 11.35 Stóra sviðið**
- 12.10 Eyðibýli** Öxney.
- 12.50 Í garðinum með Gurry**
- 13.20 Íþróttafólkið okkar**
- 13.40 Min kynslóð**
- 15.10 Í leit að fullkomnun**
- 15.40 Ekki gera þetta heima**
- 16.10 Gleðin í garðinum**
- 16.40 Sætt og gott**
- 17.00 Frankie Drake**
- 17.50 Tákn málsfréttir**
- 18.00 KrakkaRÚV**
- 18.01 Ósagða sagan**
- 18.35 Húllumhæ**
- 18.50 Landakort** Syngja eftir nótum frá miðöldum.
- 19.00 Fréttir**
- 19.25 Íþróttir**
- 19.30 Veður**
- 19.40 Gettu betur - Bransastríð** Nýir skemmtipættir í anda Gettu betur þar sem kraftmikil lið áhugafólks og atvinnumanna á völdum sérsviðum takast á í léttum og spennandi spurningaleik. Dómari er Örn Úlfar Sævarsson. Spurningahöfundar: Örn Úlfar Sævarsson og Margrét Erla Maaack.
- 20.45 10 Years - tónlistarmyndbandið**
- 20.50 Vikan með Gísla Marteini**
- 21.40 Séra Brown Father Brown**
- 22.25 Tannbach - Átök og aðskilnaður** Tannbach þýskir þættir sem gerast í þorpinu Tannbach sem var klofið í tvennt af járntrjaldinu svokallaða. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
- 00.05 Haltu mér, slepptu mér** Cold Feet
- 00.50 Dagskrárlök**

GOLFSTÖÐIN

- 09.55 PGA Special. Arnold Palmer Network**
- 10.30 Masters 2021** Útsending frá Masters-mótinu.
- 15.00 LPGA Tour 2021** Útsending frá Diamond Resorts Tournament of Champion.
- 18.35 2021 PGA Tour Champions Learning Center**
- 19.00 Masters 2021** Bein útsending frá Masters-mótinu.
- 23.35 PGA Special. This is MacKenzie Tour**

SJÓNVARP SÍMANS

- 13.00 Dr. Phil**
- 13.45 The Late Late Show**
- 14.30 The Biggest Loser**
- 15.40 90210**
- 17.00 The King of Queens**
- 17.20 Everybody Loves Raymond**
- 17.45 Dr. Phil**
- 18.30 The Late Late Show**
- 20.00 Step Up Revolution**
- 20.40 Another Tango** Fyrirum kærustupar úr menntaskóla ákveður með semingi að hittast aftur og taka þátt í danskeppni, í þeim tilgangi að bjarga dansskóla frá gjaldþroti.
- 22.05 Mortdecai** Kvikmynd frá 2015 með Johnny Depp, Gwyneth Paltrow og Ewan McGregor í aðalhlutverkum.
- 23.50 Non-Stop**
- 04.00 Síminn + Spotify**

RÚV RÁS EITT

- 06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
- 06.50 Morgunvaktin**
- 07.00 Fréttir**
- 07.30 Fréttayfirlit**
- 08.00 Morgunfréttir**
- 08.30 Fréttayfirlit**
- 09.00 Fréttir**
- 09.05 Í ljósi sögunnar**
- 09.45 Morgunleikfimi**
- 10.00 Fréttir**
- 10.03 Veðurfregni**
- 10.13 Óskastundin**
- 11.00 Fréttir**
- 11.03 Mannlegi þátturinn**
- 12.00 Fréttir**
- 12.03 Hádegj**
- 12.20 Hádegisfréttir**
- 12.42 Hádegj** seinni hluti.
- 13.00 Dánarfregni**
- 13.02 Samfélagið**
- 14.00 Fréttir**
- 14.03 Málið erKettir**
- 15.00 Fréttir**
- 15.03 Sögur af landi**
- 16.00 Síðdegisfréttir**
- 16.05 Vinill vikunnar** The War. The World Is A Ghetto.
- 17.00 Fréttir**
- 17.03 Lestarklefinn**
- 18.00 Spegillinn**
- 18.30 Brot úr Morgunvaktinni**
- 18.50 Veðurfregni**
- 18.53 Dánarfregni**
- 19.00 Flugur** Pelican, Borgis og Paradís.
- 19.45 Lofthelgin**
- 20.35 Mannlegi þátturinn**
- 21.40 Kvöldsgagan. Eyrbyggja saga** (10 af 26)
- 22.00 Fréttir**
- 22.05 Veðurfregni**
- 22.10 Samfélagið**
- 23.05 Lestarklefinn**
- 00.00 Fréttir**
- 00.05 Næturútlit Rásar 1**

STÖÐ 2 BÍÓ

- 10.10 Lego DC Super Hero Girls. Super-Villain High**
- 11.30 Phantom of the Opera**
- 13.45 Overboard**
- 15.35 Lego DC Super Hero Girls. Super-Villain High**
- 16.50 Phantom of the Opera**
- 19.05 Overboard**
- 21.00 Anna** Hröð spennumynd frá 2019 með Söshu Luss, Helen Mirren og Luke Evans í aðalhlutverkum. Anna Poliatova er sannarlega ekki öll þar sem hún er séð því undir fögru yfirborðinu býr mis-kunnarlaus útsendari rússnesku leyniþjónustunnar.
- 22.55 Endless**
- 00.25 Greta** Hrollvekja frá 2018. Frances er ung stúlka sem dag einn finnur handtösku sem einhver hefur gleymt í sæti lestar.
- 02.05 Anna**

STÖÐ 2

- 08.00 Heimsókn**
- 08.15 Veronica Mars**
- 09.05 Bold and the Beautiful**
- 09.25 The O.C.**
- 10.05 Shark Tank**
- 10.50 Í eldhúsi** Evu
- 11.20 Hindurvítni**
- 11.45 Shipwrecked**
- 12.35 Nágrannar**
- 12.55 Lóa Pind. Örir islendingar**
- 13.40 Ghetto betur**
- 14.45 Between Us**
- 15.25 The Goldbergs**
- 15.40 Jamie's Quick and Easy Food**
- 15.50 Drew's Honeymoon House**
- 16.40 McMillions**
- 17.35 Bold and the Beautiful**
- 18.00 Nágrannar**
- 18.26 Veður**
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2**
- 18.50 Sportpakinn**
- 18.55 Hlustendaverðlaun 2021** Bein útsending frá einu flottasta tónlistarpartý ársins verður í beinni útsendingu á STÖÐ 2 föstudagskvöldið 9. apríl. Veitt verða Hlustendaverðlaun til þeirra sem hlustendur Bylgjunnar, X977 og FM957 völdu í kosningu á Vísi á dögunum um hvað stóð upp úr í íslenskri tónlist á árinu 2020.
- 20.15 The Masked Singer**
- 21.20 Beautiful Boy**
- 23.20 The Great Gatsby**
- 01.40 Sicario 2. Day of the Soldado**
- 03.40 Veronica Mars**
- 04.20 The O.C.**

STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

- 18.50 Barnaefni**
- 20.00 Friends**
- 20.20 Friends**
- 20.45 The Office**
- 21.10 Roswell, New Mexico**
- 21.55 Arrow**
- 22.40 Shriill**
- 23.05 Simpson-fjölskyldan**
- 23.25 Bob's Burgers**
- 23.50 Friends**
- 00.10 Friends**
- 00.35 The Office**

STÖÐ 2 SPORT

- 09.00 Selfoss - FH** Frá leik 5 í undanúrslitum Olís-deildar karla árið 2018.
- 10.15 Höttur - Þór Ak.** Útsending frá leik í Dominos-deild karla.
- 11.50 KF Nörd**
- 12.30 Njarðvík - Stjarnan** Útsending frá leik í Dominos-deild karla.
- 13.50 Dominos Tilþrífing 8. umferð**
- 14.35 ÍR - Grindavík**
- 15.55 Manstu 2**
- 16.30 KR - Fram** Útsending frá leik í Lengjubikar karla.
- 18.10 KR - Keflavík**
- 19.45 Dominos Kórufuboltakvöld**
- 20.55 Valur - ÍBV** Útsending frá leik í Olís-deild kvenna.
- 22.10 Haukar - Fram**
- 23.20 Seinni bylgjan - kvenna**

STÖÐ 2 SPORT 2

- 07.25 Granada - Manchester United**
- 09.05 Real Madrid - Liverpool**
- 10.45 Manchester City - Dortmund**
- 12.25 La Liga World**
- 12.55 Football League Show**
- 13.20 The Fifth Quarter**
- 13.35 Dinamo - Villarreal**
- 15.15 Ajax - Roma**
- 16.55 Inside Serie A**
- 17.45 Evrópudeildarmörkin**
- 18.40 Watford - Reading** Bein útsending frá leik í ensku 1. deildinni.
- 20.45 La Liga Show**
- 21.10 Granada - Manchester United**
- 22.50 Arsenal - Slavia Prag**

ILVA

Sparadtu

20%

AF ÖLLUM SUMARVÖRUM

LÝKUR 12. APRÍL

FLOGAN vagn á hjólum. Gúmmíviður og málmur. 92 x 52 x 78 cm. 57.900 kr. Nú 46.320 kr.



ASKIA borð með framlengingu. 126 x 70 cm. 44.900 kr. Nú 35.920 kr.
RENA stafanlegur stóll. 16.900 kr. Nú 13.520 kr.

BORÐ + 6 STÓLAR
121.840



CUNIO borð. L 210 x B 100 cm. 74.900 kr. Nú 59.920 kr. PORTIO stóll. Ýmsir litir. 12.900 kr. Nú 10.320 kr.

NÚ 112.425



FERMINGARTILBOÐ

25%

AFSLÁTTUR

FLEIRI
FERMINGAR-
TILBOÐ
Í VERSLUN

VIVA rúm. Góð meðalstíf dýna. Áföst yfirdýna. 5 þægindasvæði.
256 pokagormar á hvern m². 120x200 cm. 149.900 kr. Nú 112.425 kr.
Einnig til í stærðunum 160x200 cm. og 180x200 cm. www.ilva.is/viva



ARCTIC gas-eldstæði úr trefjasteypu. Yfirbreiðslur fylgja fyrir eldstæði og gaskút.
Ø76,5 cm. 99.900 kr. Nú 79.920 kr.

ILVA Korputorgi, s: 522 4500 www.ilva.is
Laugardaga og sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30

netgíró
VALITOR

FACEBOOK.COM/ILVAISLAND
INSTAGRAM.COM/ILVAISLAND



Fyrirsætan Hyun Ji Shin lætur ekki minna en tvo trefla duga en þeir eru báðir frá Acne.

Dúðum okkur upp í kuldánnum

Margir eru farnir að huga að vor- og sumartískunni um þetta leyti árs. Það virðist þó eitthvað verða að bíða þar sem kuldakast gengur yfir landið eftir annars mildan vetur.

Það er ljóst að bíða verður með að koma úlpum, treflum og húfum fyrir inni í skáp í bili. Við Íslendingar erum þó öllu vanir enda hefur það nokkrum sinnum gerst að það snjóí á sumardaginn fyrsta.

Margir voru eflaust farnir að hlakka til að leggja úlpunni og færa sig yfir í léttari yfirhöfn. Það virðist ekki vera í boði í bili, en það er alveg


hægt að vera smart þrátt fyrir það. Vonandi er sól og gott veður rétt handan við hornið, enda þurfum við svo sannarlega á því að halda eftir flókið ár sem einkenndist af innisetu og engum sólarlandaförðum. Það er um að gera að nýta fallegar vetrarflikur meðan færi gefst og bíða spennur eftir að geta fært sig yfir í litríka kjóla og tekið fram sandalana og sólgleraugun. steingerdur@frettabladid.is



Áhrifavaldurinn Lisa Hahnbueck í Canada Goose-úlpum á röltinu í New York. Við á Íslandi þurfum þó eflaust að bíða aðeins lengur eftir því að geta berað leggina.



Stilistinn Rachel Wang vel dúðuð á tiskuvíkunni í New York.



Gestur í fallegri ljósblárri úlpum á tiskuvíkunni í New York. Það er mjög flott að klæða upp vetrarfátnaðinn með öðruvísi sólgleraugum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Alexandra Lapp er alltaf jafn smart. Þó að það henti kannski ekki helstu kuldaskræfunum né þegar það er hált úti, þá er flott að klæða upp úlpur og peysur með hælum í fallegum lit.



Sonia Lyson í hvítri úlpum í yfirstærð frá Zara. Það kemur oft vel út að taka úlpur í örlítið stærri stærð, þá er líka auðveldara að klæðast þykkari peysum innan undir.



Tiskuspekúlantinn Annabel Rosendahl í París. Hermannagrænar úlpur eru alltaf jafn vinsælar. Það kemur líka vel út að klæðast hettupeysu við hettulausa úlpum.

Fjölbreytt úrval gæða heimilisvara

áreiðanleg & þekkt vörumerki, fyrir heimilin í landinu



**SKOÐAÐU ÚRVALIÐ HJÁ UMBOÐSMÖNNUM
ORMSSON UM LAND ALLT..**



...EDA Í VEFVERSLUN [ORMSSON.IS](https://ormsson.is)

ÞAR ER ALLTAF OPIÐ!



Opunartímar
Virka daga kl. 10-18
Laugardagar kl. 11-15

ORMSSON
LÁGMÚLA 8 - 530 2800

Skóðu úrvalið okkar á
[ORMSSON.IS](https://ormsson.is)



*SENDUM UM LAND ALLT

ORMSSON
PRISTUR-ÍSAFIRÐI
SÍMI 456 4751

KS
SAUÐÁRKRÓKI
SÍMI 455 4500

SR BYGG
SIGLUFIRÐI
SÍMI 467 1559

ORMSSON
AKUREYRI SÍMI
461 5000

PENNINN
HÚSAVÍK
SÍMI 464 1515

ORMSSON
PAN-NESKAUPSSTAÐ
SÍMI 477 1900

ORMSSON
ÁRVIRKINN-SELFOSSI
SÍMI 480 1160

GEISLI
VESTMANNAEYJUM
SÍMI 481 3333

TÆKNIBORG
BORGARNESI
SÍMI 422 2211

OMNIS
AKRANESI SÍMI
433 0300

Mikilvægt að hafa góða í kringum sig

Í dag kemur út lagið Adios í flutningi Suncity, sem er listamannsnafn baráttukonunnar **Sólborgar Guðbrandsdóttur**. Hún hafði samband við kúbverska listamanninn La Melo og fékk hann til að syngja með sér í laginu.

Sólborg Guðbrandsdóttir er þekkt baráttukona og fyrirlesari og gaf út hina vinsælu bók Fávitur. Hún komst á metsölulista fyrir síðustu jól. Sólborg hefur lengi sungið og gefur út sitt annað lag undir listamannsnafninu Suncity. Lagið heitir Adios og fékk Sólborg kúbverska listamanninn La Melo með sér í lið.

Söngelskar systur

„Ég hef verið syngjandi frá því ég man eftir mér. Pabbi minn er tónlistarmaður og spilar meðal annars á píanó. Í minningunni var alltaf tónlist á heimilinu. Ég var reyndar ansi lagvilltur krakki en þökk sé pabba þá tókst þetta ágætlega hjá mér á endanum. svo á ég tvíburasystur og við syngjum mikið saman,“ segir hún.

Sólborg segir að sig hafi lengi langað að semja sín eigin lög og starfa við tónlist.

„Ég hef gefið út nokkur lög með öðrum seinustu ár en þegar ég eignaðist frábæra umboðsmenn fyrir tveimur árum síðan þá varð þetta allt einhvern veginn bara rétt og hlutirnir fóru að gerast. Það er ótrúlegt hvað það skiptir miklu máli að hafa gott fólk í kringum sig, sem hefur raunverulega trú á manni og hjálpar manni áfram. Tónlist er teymisvinna, það er alveg á hreinu, og ég er virkilega heppin með mitt teymi.“

Hvaðan kemur nafnið Suncity?

„Suncity er bara beinþýðing á nafninu mínu. Mér fannst það töff og ákvað, eftir miklar vangaveltur, að velja það sem listamannsnafn,“ svarar hún.

Gott samstarf

Adios er annað lagið sem Sólborg gefur út sem Suncity.

„Það er samið af Klöru Elias, Ölmú Goodman, Aaron Max Zuckerman og La Melo, sem syngur einmitt hluta af því með mér. Adios er latin-popplag á bæði ensku og spænsku og er áminning um það að horfa á gjörðir fólks en hlusta ekki einungis á fögru orðin þess. Ég er búin að vera að vinna í því frá 2019 svo það er ansi ljúft að gefa það út núna,“ segir Sólborg.

Klara og Alma eru líka lagahöfundar Naked, sem er fyrsta lagið sem Sólborg gaf út.

„Svo við þekktumst fyrir þetta ferli. Ég get svo sem ekki svarað því



Sólborg ætlar að einbeita sér að tónlistinni í bili og vinnur nú hörðum höndum að sinni fyrstu plötu. FRÉTTABLAÐID/SIGTRYGGURARI



Adios með Suncity ft. La Melo kemur á streymisveitur í dag. MYND/ADSEND

nákvæmlega hvers vegna þær vildu leyfa mér að syngja þetta lag en ég er þakklát fyrir að þær treystu mér fyrir því.“

Sólborg hafði áður heyrt frá La Melo og heillaðist af tónlist hans.

„Mér fannst hann mjög hæfileikaríkur. Ég ákvað svo bara að senda honum skilaboð á Instagram og kanna hvort hann vildi vera með mér í laginu. Hann var strax til í það og úr varð þetta geggjaða samstarf.“

ÞAÐ ER ÓTRÚLEGT HVAD ÞAÐ SKIPTIR MIKLU MÁLI AÐ HAFI GOTT FÓLK Í KRINGUM SIG, SEM HEFUR RAUNVERULEGA TRÚ Á MANNI OG HJÁLPAR MANNI ÁFRAM.

Verður þetta kannski sumar-smellurinn í ár?

„Auðvitað vona ég að fólk muni hlusta og kunna vel að meta lagið en hvort því vegni vel eða ekki er úr mínum höndum núna. Ég held og vona að við fáum að njóta nýrrar tónlistar frá fullt af listamönnum í sumar og ég hvet fólk til að vera duglegt við að styðja við íslenska tónlist.“

Bók fær að biða

Sólborg segir að þrátt fyrir að henni þyki íslenskan ofboðslega fallegt tungumál þá dreymi hana um að starfa sem tónlistarkona úti í heimi.

„Stefnan er tekin þangað. Bæði listamannsnafn og ákvörðunin um að syngja fyrst og fremst á ensku var tekin með það í huga.“

Hvernig gengur að vinna að stutt-skífunni, svona í skugga heimsfaraldurs?

„Það gengur ótrúlega vel. Ég er að vinna hana með vinum mínum og tónlistarsníllingum, Jóhannesi Ágústi og Hildi, og við erum á mjög góðu róli. Ég hlakka til að koma henni út í kosmosið,“ svarar hún.

Þegar Sólborg er innt eftir því hvort von sé á framhaldi af metsölubók hennar Fávitum, segir hún gerð plötunnar ganga fyrir í bili.

„Annað fær bara að koma í ljós í rölegheitum. Einn dagur í einu og þetta COVID-rugl verður afstaðið áður en við vitum af.“

steingerdur@frettabladid.is

 **vodafone**

Fjölskyldupakkinn:



+



+



+



= 19.990 kr.

ALLT ÓTAKMARKAÐ



**NÝTT &
NÁTTÚRULEGT**

GOTT FYRIR HÚÐINA OG NÁTTÚRUNA



-  **NÁTTÚRULEG
INNIHALDSEFNI***
-  **SJÁLFBÆR
FRAMLEIÐSLA**
-  **VEGAN**



NIVEA STYÐUR HREINSUNARÁTAK BLÁA HERSINS

*Náttúruleg innihaldsefni haldra meira en 50% af náttúrulegri stöðu sinni eftir að hafa verið unnin, þ.m.t. vatn.

550 5000

RITSTJÓRN
ritstjorn@frettabladid.isAUGLÝSINGAÐEILD
auglysingar@frettabladid.isPRENTUN
Torg ehf.DREIFING Póstdreifing ehf.
dreifing@postdreifing.is

BAKÞANKAR

Svanborgar
SigmarsdótturÁ mörkum
frelsis og ótta

Frelsið er yndislegt. Ég geri það sem ég vil. Nema, það er auðvitað ekki það sem frelsi er. Það hefði bara verið svolítið kauðslegt hjá Nýdönskum að syngja „Ég geri það sem ég vil, innan þeirra marka sem skráðar og óskráðar reglur leyfa og þess ramma sem takmarkar hugarflug mitt um hið mögulega.“

Langflest sættum við okkur við að frelsis er ekki ótakmarkað. Sérstaklega undanfarið ár þegar við höfum sætt okkur við miklar takmarkanir í von um heilbrigðari þjóð og flatari kúrfu. Við erum langflest gott fólk sem viljum öðrum – og samfélaginu – vel. Því skiljum við af hverju við komumst ekki í sund þó það sé hundfútt.

Þessar skerðingar á frelsinu hafa samt reynt á seiglu okkar. Seiglu til að hafa þolinmæði fyrir ástandinu sem er augljóslega takmörkuð auðlind, bæði hjá almenningi og okkar besta þrieyki. Og seiglu til að halda í grundvallargildi í stað þess að láta stjórnast af ótta.

Óttinn hefur áhrif á líf okkar. Við setjum okkur reglur til að lifa öruggara lífi. En sagan er líka uppfull af dæmum þar sem óttinn er kröftugt vopn til að fá hættulegar reglur og atburði samþykkt. Ef við gætum okkar ekki getur óttinn auðveldlega orðið skynseminni og mannúðinni yfirsterkari.

Á meðan forsetinn talaði um vonina fékk óttinn stóran hluta þjóðarinnar til að finnast það ekki tiltökumál að skerða frelsi fólks án laga, því tilgangurinn helgaði meðalið. Sami ótti rak svo fjölmarga netverja til að skamma konu fyrir að vilja vera viðstödd útför móður sinnar. Það er verulega farið að reyna á seiglu okkar.

ALLT ÞAÐ NÝJASTA FRÁ TEMPUR MED 20% AFSLÆTTI Í BETRA BAKI

TEMPUR-DAGAR



VEFVERSLUN

www.betrabak.is

TEMPUR

Nýjar gerðir
og fjölbreytt úrvalTEMPUR
heilsukodda

TEMPUR® Cloud línan

Hönnuð fyrir meiri mýkt

Mjúk ● ● ● ● ● Stíf



TEMPUR® Original línan

Hönnuð fyrir meiri stuðning

Mjúk ● ● ● ● ● Stíf



TEMPUR® Hybrid línan

Hönnuð fyrir sneggra viðbagð

Mjúk ● ● ● ● ● Stíf

TEMPUR® Firm línan Nýtt

Hönnuð fyrir enn meiri stuðning

Mjúk ● ● ● ● ● Stíf

FRÉTTIR, FÓLK &
MENNING á Hringbraut
og hringbraut.is

Fylgstu með!

BLÖÐIN

Blaðið í dag og safn eldri bláða á frettabladid.isFAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100SKEIDI 1
Ísafirði
456 4566AFGREIÐSLUTÍMI
Mán.–Fös. 11–18 | Lau. 11–16
www.betrabak.isBetra
BAK